



# **Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

## **Skólaárið 2013-2014**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**Haut 2014**

# Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	4
2.	Tölulegar upplýsingar .....	5
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið .....	6
4.	Gjafir og styrkir .....	6
5.	Fjölbreytt skólastarf.....	7
5.1.	Skyldustoð.....	7
5.2.	Afreksíþróttalína .....	7
5.3.	Nemendur í listnámi .....	7
5.4.	Nám er vinnandi vegur .....	8
5.5.	FS – Heilsueflandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði.....	8
5.6.	Skimun fyrir brottfalli.....	8
5.7.	Valfög fyrir grunnskólanemendur .....	8
5.8.	Námskrárgerð .....	8
5.9.	Smíðasmiðja.....	8
5.10.	Ferðalög nemenda.....	9
6.	Ýmsar upptakur .....	10
6.1.	Móttaka nýnema .....	10
6.2.	Kynningarfundur .....	10
6.3.	Opið hús - námskynning .....	10
6.4.	Þemadagar.....	10
6.5.	Starfshlaup.....	11
6.6.	Dimissio.....	11
6.7.	Evrópskt æfingaping .....	11
6.8.	Heimsóknir.....	11
6.9.	Ýmsar keppnir.....	11
6.10.	Hljóðneminn .....	12
6.11.	Söngleikur .....	12
6.12.	Stofnun ársins .....	13
6.13.	Verkfall.....	13

7.	Skýrsla matsnefndar .....	14
8.	Skýrslur sviðsstjóra .....	16
8.1.	Málasvið.....	16
8.2.	Raungreinasvið .....	21
8.3.	Samfélagssvið .....	23
8.4.	Tæknisvið .....	28
8.5.	Starfsbraut .....	34
9.	Skýrsla bókasafns.....	41
10.	Skýrsla námsráðgjafa.....	43
11.	Nám er vinnandi vegur .....	49
12.	Skýrsla hjúkrunarfræðings.....	56
13.	Skýrsla forvarnarfulltrúa.....	57
14.	Skýrsla félagslífsfulltrúa .....	58
15.	Skýrsla nemendafélags (NFS) .....	60

## 1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2013 - 2014. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppákomur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa. Einnig er skýrsla um verkefnið nám er vinnandi vegur.



Frá skólaásetningu í ágúst 2013.

## 2. Tölulegar upplýsingar

### **Haust 2013**

Skólastarf hófst 16. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 21. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1050 en auk þess stunduðu rúmlega 100 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 89 þar af 76 kennarar. Aðrir starfsmenn voru 13, auk 8 stundakennarar. Verktakafyrirtæki sáu síðan um ræstingu og mötuneyti.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf annar en það eru þau Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi, Ólöf Bolladóttir á starfsbraut, Kristín Hafsteinsdóttir dönskukennari, Ester Þórhallsdóttir sem kennir í fornámi og raungreinar og Aron Elís Árnason og Katrín Marsí Árnadóttir stuðningsfulltrúar. Þorsteinn Þorsteinsson hélt áfram sem íslenskukennari eftir að hafa leyst af á síðustu önn og Daníel Galvez, Karen Arason og Telma Rut Eiríksdóttir komu úr leyfi. Um áramótin hættu nokkrir starfsmenn en það eru Sigrún E. Jónsdóttir stærðfræði- og viðskiptagreinakennari, Ólöf Hildur Egilsdóttir enskukennari, Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi og Brynjólfur Nikulásson húsvörður sem öll hurfu til annarra starfa.

### **Vor 2014**

Skólastarf hófst 6. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 8. janúar. Tæplega þúsund nemendur stunduðu nám við skólann í dagskóla og um 100 nemendur 10. bekkjar sóttu nám hingað í einstökum fögum. Rúmlega 90 nemendur stunduðu nám í skólanum í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur. Fastir starfsmenn skólans voru 93 á önninni, 74 kennarar, 6 stundakennarar og 13 aðrir starfsmenn. Brynjólfur Nikulásson umsjónarmaður og Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi hættu um áramótin og var Sigurður Geirfinnsson ráðinn umsjónarmaður í stað Brynjólfs. Hulda Oddsdóttir skólaritari hætti á önninni og undir lok annarinnar fór Sesselja Bogadóttir námsráðgjafi í barneignarleyfi. Arndís Harpa Einarsdóttir hefur verið ráðin til að leysa hana af.

### **3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið**

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram með hefðbundnum fundum stjórnenda þessara þriggja skóla.

#### **Haust 2013**

Í október kom Eypór Eðvarðsson, vinnusálfræðingur, í heimsókn og flutti starfsfólki skólans erindið “Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti”.

Skólastjórnendur í FS funduðu með Gylfa Jóni Gylfasyni fræðslustjóra Reykjanesbæjar og hans fólki um fljótandi skil grunn- og framhaldsskóla. Í framhaldi af því var haldinn fundur hjá Skó-Suð en það eru samtök skólastjórnenda á Suðurnesjum. Stefnt er að því að auka enn frekar fljótandi skil á milli skólastiganna næsta haust.

#### **Vor 2014**

Í febrúar heimsótti Bryndís Jóna Jónsdóttir, mannauðsstjóri Flensborgarskóla, okkur og fjallaði um gjörhygli og núvitund.

Skólastjórnendur úr grunnskólum svæðisins komu í heimsókn og var farið yfir gengi nýnema í grunnfögunum fjórum eftir skólum og einkunnum.

### **4. Gjafir og styrkir**

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn fékk vélstjórnardeildin að gjöf iðntölvur að verðmæti 400.000 krónur frá Vélstjórafélagi Suðurnesja en tölvurnar eru notaðar til rafmagnsfræðikennslu. Deildin fékk einnig tíðnibreyta frá Raftíðni í Reykjavík og vélbúnað frá Nesfiski í Garði. Á vorönn komu fulltrúar Smith & Norland komu í heimsókn og færðu rafiðnadeildinni tvö dyrasímakerfi af nýjustu gerð. Deildin átti aðeins eitt slíkt kerfi fyrir og því er þessi viðbót kærkomin búbót. Málmiðnadeild fékk búnað frá Vélstjórafélagi Suðurnesja til kennslu í suðuáföngum og deildin fékk einnig kælipressu að gjöf frá Nesfiski í Garði.

Í lok janúar voru veittir átta styrkir til bókakaupa úr Minningarsjóði Gísla Torfasonar. Styrkir úr sjóðnum eru veittir þeim sem eiga við fjárhagserfiðleika að etja.

## 5. Fjölbreytt skólastarf

### 5.1. Skyldustöð

Á haustönn 2012 var gerð tilraun með breytingu á svokölluðu stoðkerfi skólans; allir nemendur í 193 og 102 áföngum í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði mættu þá í 40 mínútna kennslu í stoði aðra hverja viku. Með þessari breytingu var ætlunin að koma til móts við þá nemendur sem þyrftu meiri kennslu. Að sögn kennara gafst þetta það vel að ákveðið var að halda þessu áfram. Annars er nemendum í sjálfsvald sett hvenær þeir mæta í stoð og hve oft.

### 5.2. Afreksíþróttalína

Undanfarnar annir hefur skólinn boðið upp á afreksíþróttalínu en hún er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Hópurinn hittist fyrst á morgnana fjóra daga vikunnar en byrjar svo í hefðbundnum kennslustundum kl. 10:00. Á vorönn voru 41 nemandi skráður á línuna, 26 knattspyrnumenn og 15 í bardagaíþróttum, þ.e. taekwondo, júdó og hnefaleikum. Auk æfinga er einnig boðið upp á fyrirlestra og fræðslu en þá er allur hópurinn saman.

Á afreksíþróttalínunni hefur verið lögð áhersla á að fá gestþjálfara- og fyrirlesara í heimsókn og á vorönn fengu nemendur góða gesti. Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari heimsótti knattspyrnumennina og stýrði einni æfingu. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi þjálfari kvennalandsliðsins í knattspyrnu og núverandi þjálfari ÍBV, kom einnig í heimsókn og flutti fyrirlesturinn "Hvað þarf til þess að verða afreksíþróttamaður?"

### 5.3. Nemendur í listnámi

Nemendur í THL 406, sem er lokaáfangi í fata- og textílhönnun, vinna sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi þemavinnu. Eitt af markmiðum áfangans er að nemendur sýni afurðir sínar opinberlega og í lok vorannar sýndu nemendur í áfanganum afrakstur annarinnar í Landsbankanum í Keflavík. Hver nemandi sýndi tvö til þrjú verk í afgreiðslu bankans í einn dag.

Nemendur á listnámsbraut fengu það verkefni í vetur að vinna tillögur að útilistaverkum við strandleiðina í Reykjanesbæ undir stjórn kennara síns, Írisar Jónsdóttur. Valgerður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri menningarsviðs Reykjanesbæjar kom í heimsókn í kennslustund og kynnti það helsta sem nemendur gætu nýtt sér við hugmyndavinnu listaverkanna. Nemendur skissuðu hinar ýmsu hugmyndir og þegar þeir voru komnir með lokaniðurstöðu bjuggu þeir til líkón af verkunum og upplýsingaspjöld sem þeir kynntu svo fyrir skólameistara skólans, bæjarstjóra, menningarráði og skipulagsráði á sérstökum kynningarfundum í Duushúsum. Meðal hugmynda var 9 metra hár kolkrabbi, rotta úr bronsi, hvalsporður, steinbekkur og falleg orð meitluð í steinana við gönguleiðina með ströndinni.

#### **5.4. Nám er vinnandi vegur**

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók í vetur þátt í verkefninu Nám er vinnandi vegur en það er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Teknir voru inn í skólann rúmlega 90 nemendur sem ella hefðu ekki fengið skólavist. Sérstaklega var fylgst með mætingum og ástundun þessara nemenda og hafði Sesselja námsráðgjafi umsjón með verkefninu. Skýrsla Sesselju er að finna í kafla 11.

#### **5.5. FS – Heilsueflandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði**

Skólinn er þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins um heilsueflandi framhaldsskóla en það er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Þetta ár var þriðja árið í verkefninu og var áherslan lögð á geðheilbrigði.

#### **5.6. Skimun fyrir brottfalli**

Í febrúar var könnun, til að skima fyrir brottfalli, lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þetta var í annað sinn sem þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðuneytisins, var lögð fyrir. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru, samkvæmt könnun, í mestri brottfallshættu og ræddu málin við þá. Vonandi verður framhald á þessu starfi enda er brottfall eitt helsta vandamálið í íslenskum framhaldsskólum.

#### **5.7. Valfög fyrir grunnskólanemendur**

Að þessu sinni var í boði fjögur valfög fyrir nemendur í grunnskólanum þ.e. enska, stærðfræði, húsasmíði og rafmagnsfræði. Valfögin gengu vel og voru vel sótt en að venju skiptu skólinn og grunnskólarnir kostnaðinum á milli sín.

#### **5.8. Námskrágerð**

Undanfarnar annir hefur verið unnið að undirbúningi nýrrar námskrár sem tekur gildi árið 2015. Þar þarf að skilgreina námsbrautir og áfanga en skólar munu hafa meira frjálsræði til að skipuleggja námsframboð sitt og skapa sér sérstöðu. Á haustönn var skipuð nefnd sem stýrði þessari vinnu en á skólaárinu var einkum rætt um skipulag stúdentsbrauta.

#### **5.9. Smíðasmiðja**

Nemendur í smíðasmiðju hafa í vetur smíðað gröfur og hjól og hafa fært leikskólum í Reykjanesbæ leikföngin að gjöf. Í vetur hafa leikskólarnir Ragnarssel, Garðasel og Heiðarsel notið afrakstursins og er ætlunin að halda áfram á sömu braut og færa þá leikskólabörnum í nágrennasveitarfélögunum leikföng.



## 5.10. Ferðalög nemenda

Nemendur okkar eru duglegir við að heimsæja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra. Nemendur í íslensku 503 skruppu með kennurum sínum á Gljúfrastein og skoðuðu heimili Nóbelskáldsins, nemendur í líffræði fóru í heimsókn í Fræðasetrið í Sandgerði og nemendur í vélstjórn fóru um borð í varðskipið Þór. Til stóð að skoða skipið í Helguvíkurhöfn en þar sem ekki var pláss fyrir varðskipið í Helguvík var ákveðið að sækja hópinn með léttabát sem reyndist mikið ævintýri. Móttökurnar um borð voru engu síðri og heimsóknin bæði fróðleg og skemmtileg.

Í lok nóvember fóru sex nemendur og fjórir kennarar af starfsbraut til Finnlands að skoða starfsnámsskóla. Ferðin tók tvær vikur og var styrkt af Leonardo da Vinci- sjóðnum.



Nemendur á afreksíþróttabraut haustið 2013.

## **6. Ýmsar uppákomur**

### **6.1. Móttaka nýnema**

Móttaka nýnema átti sér stað fimmtudaginn 30. ágúst. Hún var með nokkuð breyttu sniði að þessu sinni. Gengið var í skruðgöngu út í Reykjaneshöllina og kíkt í leiðinni á nýreistan Eiffelturnd við höllina. Þar var búið að koma upp hoppukastala og fleiri leiktækjum þannig að busarnir gætu fengið smáútrás. Reyndar tóku einhverjir eldri nemendur líka þátt. Eftir fjöruga dagskrá í Reykjaneshöllinni var haldið aftur í skólann þar sem hljómsveitin Kaleo lék nokkur vel valin lög á sal og fékk góðar viðtökur. Að lokum var svo hinum nývígðu nemendum boðið upp á pizzu og gos. Ekki var annað að sjá en að fólk skemmti sér vel þó að móttakan væri þurrari en undanfarið ár. Um kvöldið var svo hið hefðbundna busaball.

### **6.2. Kynningarfundur**

Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 27. ágúst. Fundurinn hófst á því að Jón Sigfússon frá Rannsóknum og greiningu flutti stutt erindi um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi og samanburð Fjölbrautaskóla Suðurnesja við landið allt. Í stuttu máli sagt er Fjölbrautaskóli Suðurnesja að koma mjög vel út í þessum samanburði. Rannsóknir og greining hafa um árabil gert viðamiklar kannanir á högum og líðan ungs fólks. Að því loknu hófst hefðbundin dagskrá sem m.a. fólst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið Innu. Aðalfundur foreldrafélags skólans var haldinn að lokinni kynningu á skólanum og tók Sveinbjörg Sigurðardóttir við embætti formanns foreldrafélagsins sem var stofnað fyrir fjórum árum.

### **6.3. Opið hús - námskynning**

Mánudaginn 3. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opin frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Slík kynning var fyrst haldin á síðasta ári en að þessu sinni var aðsókn minni en reiknað var með. Í framhaldinu hefur verið rætt hvernig best sé að kynna skólann og námsframboð fyrir nemendum grunnskóla enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann.

### **6.4. Þemadagar**

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 20. - 21. febrúar og var þemað geðheilbrigði og yfirskriftin „Geggjaðir dagar“. Þar var boðið upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra og var almenn ánægja með dagskrána. Þemadagarnir hafa verið með breyttu sniði undanfarið og geta nemendur sótt fleira atburði og hefur það mælst vel fyrir.

## 6.5. Starfshlaup

Fella þurfti niður starfshlaupið sem er venjulega síðasti kennsludagur fyrir páskafrí. Hann var nýttur til hefðbundinnar kennslu vegna verkfalls kennara.

## 6.6. Dimissio

Í lok hvernar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimissio haldið 29. nóvember en á vorönn 2. maí. Útskriftarhópurinn byrjar yfirleitt nóttina áður með því að heimsækja nokkra kennara við mismikla hrifningu viðkomandi. Um morguninn er svo komið að dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimissio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn langþrátt tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag.

## 6.7. Evrópskt æfingaping

Undanfarin ár hafa nemendur okkar sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starfi Evrópuþingsins þó þátttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtogþjálfun fyrir ungt fólk. Í vor fór þrjú nemendur ásamt Ægi Karli Ægissyni til Brussel og tóku þátt í þingstarfi þar.

## 6.8. Heimsóknir

Alltaf er einhver gestagangur í skólanum. Í október kom stjórn Samtaka rafverktaka í heimsókn og skoðaði að sjálfsögðu rafiðnaðardeildina. Undanfarnar annir hafa danskir framhaldsskólakennarar verið duglegir að heimsækja skólann og var engin breyting þar á.

## 6.9. Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna og spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Í Gettu betur sigraði lið skólans Menntaskólans á Egilsstöðum í fyrstu umferðinni en þar urðu lokatölur 19-16 eftir spennandi keppni. Í 2. umferð var komið að viðureign gegn liði Borgarholtsskóla og sú var ekki síður spennandi. Að lokum fór svo að okkar lið varð að sætta sig við tap eftir bráðabana en lokatölur urðu 20-19. Liðið skipuðu þeir Alexander Hauksson, Bjarni Halldór Janusson og Ragnar Frandsen. Lið skólans komst í 8 liða úrslit Morfís en tapaði þar fyrir liði Menntaskólans við Sund en áður höfðu okkar menn sigrað lið Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Liðið skipuðu Ólafur Ingvi Hansson, Sigurður Smári Hansson og Jón Bjarni Ísaksson en liðsstjóri var Bjarni Halldór Janusson.

Nemendur skólans hrepptu aðalverðlaunin í Snilldarlausnum Marel og það þriðja árið í röð. Snilldarlausnin er eftir Pálma Sævarsson en myndbandið sem kynnti verkið gerði Garðar Ólafsson. Þeir hlutu farandgripinn “Skaparann”, 100.000 kr. í reiðufé, iPad Mini frá Símanum og gjafakörfu frá Ölgerðinni. Lausnin heitir “Flöskubroddar” en það eru mannbroddar gerðir úr stórrí plastflösku ásamt áltöppum af glerflöskum. Snilldarlausnir Marel er keppni fyrir hugmyndaárika framhaldsskólanema. Verkefni keppninnar hefur verið það sama frá upphafi en það er að auka virði einfalds hlutar. Í ár var hluturinn “flaska” og þurftu þátttakendur að finna út hvernig hægt væri að útfæra aukið virði flösku.

Íslandsmót iðngreina var haldið í Kórnum í Kópavogi í mars. Að þessu sinni tóku níu nemendur skólans þátt í mótinu og stóðu sig með þryði þó þeir hafi ekki náð verðlaunasæti í þetta sinn. Fjórir nemendur okkar kepptu í hárgreiðslu, tveir keppendur voru í rafvirkjun og keppendur í trésmíði voru einnig tveir. Þá tók einn keppandi þátt í forritun í fyrsta skipti.

Samhliða Íslandsmóti iðngreina var haldin kynning á námi í framhaldsskólum. Skólinn tók þátt í þeirri kynningu eins og aðrir framhaldsskólar landsins en þúsundir grunnskólanemenda sóttu kynninguna.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum 11. mars og komu þá um 150 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt. Keppnin naut sem fyrr stuðnings Verkfræðistofu Suðurnesja og Íslandsbanka. Verðlaunaafhending fór síðan fram á sal skólans nokkru seinna. Ragnheiður Gunnarsdóttir sá um alla framkvæmd keppninnar eins og undanfarin ár.

## **6.10. Hljóðneminn**

Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins NFS, fór fram í Stapa miðvikudaginn 13. nóvember. Það var Andrea Lind Hannah sem sigraði. Keppnin var glæsileg að vanda enda mikið í hana lagt. Venjulega hefur keppnin farið fram á vorönn en hún var fyrr á ferðinni að þessu sinni. Húsfyllir var á keppninni og mikil stemning. Þess má geta að dómarrar keppninnar voru allir fyrrverandi nemendur skólans en það eru þau Valdimar Guðmundsson, söngvari hljómsveitarinnar Valdimars, Brynjar Leifsson, gítarleikari Of Monsters and Men og Gunnella Hólmarsdóttir sem leikstýrði einmitt söngleiknum sem nemendafélagið setti á laggirnar.

## **6.11. Söngleikur**

Nemendafélagið NFS stóð í stórræðum á skólaárinu en hápunkturinn í starfi félagsins var uppsetning á söngleiknum Dirty Dancing. Hann var frumsýndur í Andrews leikhúsinu 20. febrúar en söngleikurinn er að sjálfsögðu byggður á samnefndri kvikmynd. Gunnella Hólmarsdóttir leikstýrði verkinu en hún er fyrrverandi nemandi okkar. Það var stór hópur nemenda sem kom að uppsetningunni, bæði á sviðinu og utan þess. Auk leikara, söngvara og dansara vann fjöldi nemenda baksviðs við tæknimál, sviðsmynd, hár, förðun og búninga.

Daginn eftir frumsýninguna var sérstök góðgerðarsýning. Allur aðgangseyrir af sýningunni rann til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og söfnuðust rúmlega 400.000 kr. Það var Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, sem tók við framlaginu fyrir hönd stofnunarinnar.

### 6.12. Stofnun ársins

Á vormánuðum var boðið til viðburðar ársins á vegum SFR, stéttarfélag í almannajónustu þar sem veitt voru verðlaun fyrir stofnun ársins 2014. Það er skemmst frá því að segja að Fjölbrautaskóli Suðurnesja lenti í fjórða sæti af 79 í hópi stórra stofnana. Þetta voru virkilega ánægjuleg tíðindi fyrir vinnustaðinn okkar.

### 6.13. Verkfall

Verkfall kennara hafði töluverð áhrif á skólastarfið á vorönn. Verkfallið stóð í þrjár vikur en samkvæmt samkomulagi var fimm kennsludögum bætt við önnina og því féll kennsla niður í tíu daga. Hér var kennt á þriðjudag eftir páska og á sumardaginn fyrsta en auk þess var þremur kennsludögum bætt við í byrjun maí. Prófadögum var fækkað en þó tókst að ljúka önninni á réttum tíma. Það er mat stjórnenda að með sameiginlegu átaki hafi tekist að ljúka önninni eins vel og hægt var.



Hópurinn sem tók þátt í söngleiknum Dirty Dancing.

## 7. Skýrsla matsnefndar

Í sjálfsmatshópnum voru fjórir kennarar af ólíkum sviðum þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur og vann hópurinn að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

### Helstu verkefni á haustönn 2013 voru:

1. Kennslumat þar sem u.þ.b. fjórðungur þriðjungur kennara er metinn
2. Könnun á líðan starfsmanna í FS
3. Mat á störfum stjórnenda

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2015. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Könnun á líðan starfsmanna var lögð fyrir alla starfsmenn skólans aðra en stjórnendur. Gert var mat á störfum stjórnenda sem lagt var fyrir starfsmenn og fóru stjórnendur í starfsmannaviðtöl í framhaldi af því. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

### Helstu verkefni á vorönn 2014

Fyrir lá að vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Kennslumat
2. Sameiginleg könnun á verkefninu Heilsueflandi skóli með Fsu og Fva

Vegna verkfalls framhaldsskólakennara var þessum verkefnum frestað til haustsins 2014.

### Helstu niðurstöður.

#### Könnun á líðan starfsmanna í FS

Könnunin var lögð fyrir rafrænt og voru gerðar nokkrar breytingar frá fyrri könnunum. Fram kemur að almennt líta starfsmenn með jákvæðum augum á Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem vinnustað. Þeir telja starfsanda góðan og að gagnkvæm virðing ríki meðal starfsmanna.

Að þessu sinni var starfsmönnum gefinn kostur á að svara opinni spurningu sem hljóðaði svo: „Hvað telur þú að skólinn geti gert til þess að bæta líðan þína í starfi?“

Þar kom meðal annars fram að til að bæta líðan má t.d. hrósa fyrir vel unnin störf, upplýsa betur um ýmis málefni skólans og að ýmiss úreltur tækja- og húsbúnaður veldur óþarfa streitu í starfi. Fram kemur óánægja með launakjör.

## Úrbótaáætlun

### Umgengni og aðbúnaður

Athygli vekur hve margir eru óánægðir með umgengni kennara í sameiginlegu rými. Frá síðustu könnun hefur þjónusta á kaffistofu verið aukin en það mætti skoða þann möguleika að kaupa afkastameiri uppþvottavél í kaffiaðstöðu þar sem heimilivélin annar ekki uppvaski frá u.þ.b. 100 starfsmönnum. Þá væri æskilegt að skólinn markaði sér stefnu um endurnýjun tækja og aðbúnaðar sem tengist vinnuumhverfi starfsmanna.

### Óþægileg stríðni og einelti

Nokkrir starfsmenn segjast hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni og einelti en þessi atriði koma endurtekið fyrir í könnunum af þessu tagi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að viðvarandi einelti og óþægileg stríðni á sér stað í starfsmannahópnum eins og kannanir frá 2009 og 2011 sýna einnig. Þess vegna er mikilvægt að halda umræðu um forvarnir gegn einelti við með frekari fræðslu og umræðum á fundum. Gott væri að fá kynningu á mikilvægi jákvæðra og góðra samskipta á vinnustað.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.



Frá Dimissio haustannar 2013.

## 8. Skýrslur sviðsstjóra

### 8.1. Málasvið

#	Kennarar	Greinar	Áfangar	Fj. tíma H2013	Fj. tíma V2014
1	Anna Karlsdóttir Taylor	íslenska	102-103-202-203-303	30	30
2	Axel Gísli Sigurbjörnsson	enska	193-102-303	30	30
3	Einar Trausti Óskarsson	spæ., ens.	103-303-403	30	30
4	Einar Valgeir Arason	ísl., ens.	102, 102-202	12	12
5	Hulda Egilsdóttir	íslenska	212-503-653	30	27
6	Ingibjörg Böðvarsdóttir	spænska	203-303	12	18
7	John Richard Middleton	enska	202-203-212	24	24
8	Jórunn Tómasdóttir	fra., ísl.	303-403, 103-202-203-212	25(7+18)	24
9	Karen E. Arason	enska	202-212-403-603-703	24	24
10	Kristín Hafsteinsdóttir	danska	193-202-212	24	24
11	Kristrún Guðmundsdóttir	íslenska	Ísa103>403-403-503-653	24(18+6)	21(15+6)
12	Ólöf Hildur Egilsdóttir	enska	102-403-503	24	-
13	Sara Harðardóttir	enska	103-202-503	24	24
14	Simon Cramer Larsen	danska	102-202	24	18
15	Sumarrós Sigurðardóttir	danska	102-103-203	30	24
16	Veska Jónsdóttir	þýs., ens.	103-203-303-403, 212	24(6+18)	30(12+18)
17	Þorsteinn Þorsteinsson	íslenska	193-102-202-203	30	24
18	Þorvaldur Sigurðsson	íslenska	293-102-303-403	30	21
Samtals:				451	405



## Erindi

Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti, var heiti erindis sem Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti starfsfólki skólans þann 24. október.

Gjörhygli/núvitund, var heiti erindis sem Bryndís Jóna Jónsdóttir flutti kennurum skólans þann 6. febrúar.

## Kennsluhættir

Sífelld meiri áhersla virðist vera að færast yfir á sem besta nýtingu kennslutímans þar sem menn leggja áherslu á að góð skipulagning skili meiri árangri.

Smíðjuvinna þar sem hólfuð stundaskrá er leyst upp hefur einnig gefið góða raun og aukið virkni nemenda.

Kynningar á nágrannalöndum okkar í tali, máli og myndum voru t.d. viðhafðar í dönskukennslunni og reynd voru tölvuforrit í dan193 í svokölluðu skyldustoði, m.a. um teiknimyndagerð til uppbrots. Leiddi þetta m.a. af sér hreyfingu nemenda um kennslustofuna þar sem nemendur skiptust mikið á spurningum og svörum. Inn í starfið var svo fléttuð aukin meðvitund um að hrósa nemendum fyrir vel unnin störf.

Lifandi upplestur fyrir hlustunarverkefni var á dagskrá og látið var reyna á flippið að undirbúa heimavinnuna markvisst í kennslustundum. Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu þess framtaks.

Sífelld meira er orðið um að fjölbreytni í kennsluháttum með tilkomu hinna ýmsu spennandi miðla sem nú bjóðast. Kennsluumhverfi, smáforrit, netið sem upplýsingabrunnur og ævintýraheimur ryðja brautina og brjóta upp hið klassíska form sem þjónað hefur vel og lengi.

## Kennslubækur og námsgögn

Heilmikil gróska er í námsgagnagerð á málasviði FS. Notast menn þar við fjölbreyttar leiðir til að matreiða efni ofan í nemendur. Prentað efni og prentað efni sem stutt er af myndefni af neti og víðar er býsna vinsælt. Einnig breiðir Moodle kennsluumhverfið stöðugt úr sér ásamt þeim möguleikum sem það býður upp á. Þar fyrir utan eru menn að nota aðgengileg forrit á netinu til að styrkja efnisyfirferð og sumir í hópnum eru komnir með og eru að þróa eigið tölvukennsluumhverfi. Snjallsímar eru víða notaðir sem orðabækur í tungumálakennslunni í gegnum Snöru.is eða aðra aðgengilega miðla. Sem slíkir eru þeir mikið framfaratæki. Einnig fer notkun þeirra vaxandi við notkun á hvers kyns smáforritum sem kennarar eru farnir að nýta sem stuðningstæki í kennslunni. Efni fyrir nemendur af erlendu bergi brotnu er og í stöðugri þróun. Pappírnotkun fer væntanlega minnkandi með tilkomu nútíma tækniframþróunar og vonandi er það skref sem leiðir af sér skilvirkara námsumhverfi.

## Námsmat

Námsmat var með óhefðbundnara sniði á vorönninni vegna verkfalls kennara undir lok annarinnar. Þar sem hægt var að koma því við með góðu móti máttu kennarar snúa sér meira að símatsúrræðum. Leiddi það til þess að heldur færri lokapróf voru tekin en ella. Skiptar skoðanir voru á ágæti fyrirkomulagsins. Fram kom fyrir nokkrum misserum að námsmatsaðferðir við FS væru helst til eintóna og hefur matsnefnd skólans að því tilefni útbúið könnun um fjölbreytileika námsmatsaðferða sem ætlunin er að leggja fyrir í upphafi haustannar 2014. Vonandi veitir sú aðgerð kennurum tækifæri til að ræða og hugsanlega tileinka sér fjölbreyttari námsmatsaðferðir. Símat eða símat og lokapróf eru lífseigar námsmatsaðferðir en farið er að örla á ýmsum skemmtilegum námsmatstilbrigðum svo framtíðin virðist björt á þessu sviði.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kennarar	Námskeið
Ingibjörg Böðvarsdóttir	Tískuteikning
	Síkiley í 3000 ár – Ólafur Gíslason
	Íslensk miðaldarmyndlistarsaga - Eyrún
	Píanónám - Ástráður
	Bólvía, menning og matur
Jórunn Tómasdóttir	Prófagerð samkvæmt Evrópumöppunni
	Nokkrar ráðstefnur hjá SVF um tungumál
Kristrún Guðmundsdóttir	6+1 vídd ritunar í mars – Brynhildur Óskarsdóttir o.fl.
	Að búa til sína eigin bók í mars –apríl – Alda Sigmundsdóttir
	Davíðssálmur síðastliðið haust – Gunnlaugur Jónsson
	Mýs og menn í desember – Endurmenntun HÍ
	Ráðstefna um J.L. Borges síðastliðið haust – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
	Ráðstefna um Sören Kirkegaard síðastliðið sumar – Danska kirkjan
	Um eyjar í íslenskum ljóðum – Ljóðahátíð í Noregi síðastliðið sumar
Kristín Hafsteinsdóttir	Örnámskeið á vegum félags dönskukennara í HR með áherslu á nýjungar í kennslu fagsins sem fól m.a. í sér kynningu á fyrirbærinu farandkennari

	Námskeið á Glymi fyrir dönskukennara í framhaldsskólum
Sumarrós Sigurðardóttir	Námskeið á Glymi fyrir dönskukennara í framhaldsskólum
Símon Cramer Larsen	Stefnumiðuð stjórnun
	Hvernig á að nota tækni í kennslu
Veska A. Jónsdóttir	Flippuð kennsla
	Moodle
	Námskeið fyrir þýskukennara
Þorvaldur Sigurðsson	Um Landnámu, haust og vor hjá Endurmenntun HÍ

### Fundir

Sviðsfundir voru nokkrir á báðum önnum samkvæmt dagatali skólaársins. Einkennust þeir af líflegum umræðum grundvölluðum á gífurlegri samanlagðri reynslu og lífsgleði fundarmanna. Sérstaklega er krafturinn mikill á haustönninni þegar allar rafhlöðurnar eru fullhlaðnar. Ein af forsendum þessarar virkni er mikilvægi umræðuefna fundanna. Sjái menn mikilvægi fundanna í umræðuefnunum þá er von á góðri almennri þátttöku. Dæmi um skilvirkni kerfisins er þegar kröftug andmæli við umsjónarkerfið á sviðsfundi þessa skólaárs leiddu af sér endurfædda mynd umsjónarkerfisins sem tekin verður upp á næsta skólaári.

Einnig er rétt að nefna að veitingar á sviðsfundum skapa skemmtilegan og jákvæðan anda, enda oft bæði framandi og þjóðlegar en alltaf yndislegar.

### Innkaup og fjárveitingar

Aðhaldsumræðan hefur markað sín spor í vitund málavísasmanna. Nú er svo komið að varla hefur borist ósk um innkaup til sviðsstjóra málavíðs á skólaárinu. Afleiðingarnar eru væntanlega gleðisnauðara líf bæði kennara og nemenda.

Bókakaup vegna verðlauna á útskriftum um jól og vor eru einu beinu innkaup sviðsstjóra á liðnu skólaári.

### Að lokum

Að líta yfir skólaveturinn 2013 – 2014 vekur upp margs konar minningar. Haustið ber jafnan með sér frísklegt útlit og kraftmikið fas starfsmanna sem koma inn til starfa með blöndu að gleði og tilhlökkun í bland við kvíða við langan, krefjandi vetur þar sem bókstaflega allt getur gerst. Þannig er starf kennaranna.

Ómögulegt er að láta sér leiðast og starfið ýtir frekar undir sókn í ró og jafnvel einveru, slíkur er erillinn og samskiptaálagið á vinnustaðnum. Meðlimum málasviðs er kastað út í djúpu laugina frá og með fyrsta kennslutímanum og þá reynir á allt sem menn eiga til.

Að vori tínist sami mannskapurinn út í birtuna og vonina um endurnýjaðan kraft til að takast á við haustkröfurnar. Fas og útlit hefur tekið nokkrum breytingum. Innbyrðis tengsl hafa þroskast og menn kveðjast ríkari alls kyns reynslu í mannlegum samskiptum.

Ekki má hjá líða að minnast lítillaga á kjarabaráttu stéttarinnar. 17.03. – 04.04. 2014 þurftu kennarar að sitja í verkfalli til að reyna að halda í við sambærilegar stéttir launalega séð. Er dapurt til þess að vita að ekki skuli vera meiri framþróun hjá þeim aðilum sem sjá um samningaferli við stétt sem snertir svo marga á meðan sífelldar kröfur um framþróun innan stéttarinnar eru settar fram af sömu aðilum.

Skólinn sem hýsir svo marga og þar sem örlög ráðast á ýmsum sviðum er nú nánast mannlaus. Örfáir starfsmenn sem sinna öðrum störfum en kennslu eru að skipuleggja og undirbúa haustvinnuna þannig að hringrásin geti farið af stað á ný. Hátíðarsalur skólans er orðinn hljóður og fótatak hvers konar heyrir orðið þegar gengið er um. Nú er að sjá hverju sumarið lumar á.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.



Íslenskunemendur í vettvangsferð á Gljúfrasteini.

## 8.2. Raungreinasvið

Kennari	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ása Valgerður Einarsdóttir	LOL203 (6), HJÚ303 (6), HJÚ403 (6), SJÚ203 (6)	LOL203(6), HJÚ503(6), LYF103(6), SAM103(6)
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐL103(12), EÐL303(6), NÁT123(12)	EÐL103(6), EÐI203(6), NÁT123(12)
Daníel Símon Galves	STÆ202(12), STÆ122(6), STÆ203(6), STÆ303(6)	STÆ202(12), STÆ122(6).
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ603(6), STÆ503(6), STÆ543(6), STÆ303(6), STÆ103(6)	STÆ703(6), STÆ513(6), STÆ403(6), STÆ503(6), STÆ403(6), STÆ303(6)
Haukur Viðar Ægisson	NÁT123(12), NÁT103(18)	NÁT123(6), NÁT103(6), LÍF203(6), CSI103(2), NÁT143(6)
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆ193(6) STÆ102(6), STÆ103(12), STÆ303(6)	STÆ102(6), STÆ203(12), STÆ303(6), STÆ313(6)
Harpa Kristín Einarsdóttir	NÁT106(9), NÁT103(6), LÍF103(6), LÍF113(6)	NÁT103(12), NÁT143(6), LÍF103(6), CSI103(6)
Jón Gunnar Schram	STÆ193(6), STÆ102(12), STÆ122(6)	STÆ102(12), STÆ122(12)
Jóhanna Elín Björnsdóttir	STÆ102(12), STÆ202(6), STÆ313(6), STÆ413(6)	STÆ102(6), STÆ122(12), STÆ313(6), STÆ413(6)
Sólveig Björk Granz	HJÚ103(6), SÝK103(6), HJV103(6), HBF103(6)	SJÚ103(6), HJÚ203(6), HBF103(6)
Ægir Sigurðsson	NÁT113(12), JAR103(6), KOR143(6)	NÁT113(18), JAR103(6)
Guðmundur Grétar Karlsson	EFN103(6), EFN203(12), EFN303(6)	EFN103(6), EFN203(6), EFN313(6), CSI103(6)
Sigrún E. Jónsdóttir Ragnheiður G Gunnarsdóttir	STÆ203(6), STÆ403(12), STÆ503(6)	STÆ203(6), STÆ30(6), STÆ403(6), STÆ503(6)

### Kennsluhættir

Í HJÚ403 og SJÚ203 var sett inn í áætlun að ef mætingar væru innan ákveðinna marka og vinnueinkunn væri yfir lágmarki þá gætu nemendur látið hana gilda sem lokaeinkunn. Þetta skilaði sér í betri mætingu og ástundun. Í eðlisfræði voru gerðar 10 nýjar tilraunir og tækjabúnaður bættur og var hluti hans smíðaður á staðnum. Námsefni þróað og nýtt frumsamið dæmahefti í EÐL103 ,203 og 303. Í stærðfræði var STÆ543 sem er nýr áfangi og byggir á æfingu og dýpkun á algebru, hornaföllum og fleiri þáttum, kenndur í annað sinn á haustönn. Í STÆ193 var hópurinn einn tíma í viku í tölvustofu. Í LÍF103 var tekin í notkun ný kennslubók og er hún rafbók. Í SJÚ103 er unnið að því að stokka áfangann upp. Að öðru leiti var allt með hefðbundnum hætti.

### Námsmat

Námsmat á sviðinu byggir að mestu leiti á vinnueinkunn, sem samanstendur af heimaverkefnaskilum og stöðuprófum og lokaprófi. Einstaka greinar eru metnar með símati og byggir það á mætingu og vinnueinkunn.

### Fundir

Átta sviðsfundir voru haldnir á skólaárinu þar sem til umræðu voru hin ýmsu málefni sviðsins. Góður andi ríkir á sviðinu þó svo menn séu ekki alltaf sammála um alla hluti. Fagfundir undir stjórn Ragnheiðar Gunnarsdóttur voru allnokkrir og voru þeir að mestu leiti notaðir til umræðna um nýja námskrá sem áætlað er að taki gildi haustið 2015.

### Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup voru á skólaárinu, einungis fjárútlát í almennan rekstur.

### Að lokum

Það er óhætt að segja að skólaárið hafi gengið vel. Verfall í apríl hafði þó einhver áhrif á útkomu lokaprófa en þó ef til vill minni en óttast var. Sigrún Eugenio Jónsdóttir stærðfræðikennari hætti um áramót. Ekki var ráðinn annar kennari í hennar stað. Guðmundur Grétar Karlsson efnafræðikennari hefur stýrt vinnu við undirbúning nýrrar námskrár og mun væntanlega aukinn þungi færast í þá vinnu á komandi skólaári.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri raungreinasviðs, tók saman.

### 8.3. Samfélagssvið

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Andrés Þ. Eyjólfsson	<b>Haut:</b> ÍPR1B12, ÍPR1D12, ÍPR1V12, ÍPF1024 <b>Vor:</b> ÍPR1B12, ÍPR1D12, ÍPR1V12, ÍPF2036, ÍPG1324, ÍPR2V12(2K1,2H1,3V1)	29	26,5
Atli Þorsteinsson	<b>Haut:</b> SAG103, SAG203 ,LKN103 <b>Vor:</b> SAG103, SAG203, UTN103	30	30
Bragi Einarsson	<b>Haut:</b> =0 <b>Vor:</b> UTN103	0	12
Bryndís Knútsdóttir	<b>Haut:</b> LSM196 <b>Vor:</b> 0	6	0
Einar Valgeir Arason	<b>Haut:</b> UPP103 <b>Vor:</b> UPP103	6	6
Elísabet Karlsdóttir	<b>Haut:</b> SÁL103, SÁL203 <b>Vor:</b> SÁL103, SÁL213, SÁL303	24	24
Ester Þórhallsdóttir	<b>Haut:</b> FÆRF936 og 7, FPJ143 <b>Vor:</b> FÆRT935 og 6 , FLA103, FNÁ103	18	20
Friðjón Einarsson	<b>Haut:</b> SAF143 <b>Vor:</b> FPJ203, VVN102	12	6
Guðbjörg Jónatansdóttir	<b>Haut:</b> SAG103, SAG303, SAG363 <b>Vor:</b> SAG103, SAG303, SAG353, LKN103	30	30
Guðmundur Helgi Önundarson	<b>Haut:</b> 0 <b>Vor:</b> BJÖ143	0	6
Guðni Kjartansson	<b>Haut:</b> ÍPR1V1, ÍPR2V1, ÚTI101 <b>Vor:</b> ÍPR1V1, ÍPR103, ÍPR113, ÚTI101,ÍPR2V1	10	8,5
Guðrún Jóna Sigurðard.	<b>Haut:</b> SAM143, FÉL103, FÉL203 <b>Vor:</b> SAM143, LKN103, FÉL103, FÉL203	30	24
Gunnar M. Jónsson	<b>Haut:</b> ÍPR1B1, ÍPR1V1, ÍPR103, ÍPR113, ÍPG112 <b>Vor:</b> ÍPR1B1, ÍPR1V1, ÍPF222, ÍPR103, ÍPR113, ÍPR2V1	28	28,25
Gunnar Valdimarsson	<b>Haut:</b> VRK143, HÚS193, SSM196 <b>Vor:</b>	24	0
Helgi Rafn Guðmundsson	<b>Haut:</b> 0 <b>Vor:</b> +IPR103,ÍPR113	0	12

Hlynur Ómar Svavarsson	Haust: HAG103, HAG113, HAG203, VIÐ113 Vor: BÓK213, HAG113, VIÐ143, VIÐ213	24	24
Hörður Ragnarsson	Haust: BÓK103, BÓK203, BÓK303 Vor: BÓK103, BÓK203	18	18
Ingibjörg Böðvarsdóttir	Haust: LSM196 Vor: 0	6	0
Ingigerður Sæmundsd.	Haust: FÆR935 Vor: FÆRT93	6	6
Kolbrún Marelsdóttir	Haust: UMÖ143, LKN103, LKN936 Vor: LKN103, LKNT93	30	24
Kristjana H. Gunnarsd.	Haust: ÍPR1D1, ÍPR2V1, ÍPR102 Vor: ÍP1B1, ÍPR1D1, ÍPR1V1, ÍPR102,	12	15
Sigrún Eugenio Jónsd.	Haust: BÓK103, BÓK213 Vor: 0	12	0
Þorbjörg Garðarsdóttir	Haust: UTN203, UTNF93, FÆR935 Vor: UTN103, UTN203, UTNT93	18	18
Þórunn Friðriksdóttir	Haust: FÉL103, FÉL313 Vor: FÉL 103, FÉL333	18	18
Þorvaldur Sigurðsson	Haust: 0 Vor: LKN103	0	6
Ægir Karl Ægisson	Haust: UPP203, HES103 Vor: SÁL213,	12	6
Ægir Sigurðsson	Haust: KOR143 Vor: 0	6	0

### Kennsluhættir

Þessu sviði tilheyra margir og misjafnir áfangar og eru kennsluhættir því mjög fjölbreyttir. Sumir hafa innlögn eða fyrirlestur frá kennara og síðan verkefnavinnu eða samvinnu nemenda, aðrir hafa eingöngu samvinnu nemenda eða verkefnavinnu. Sumt er verklegt eins og UTN og sumt er blandað. Í sumum áföngum eru heimildaritgerðir og einnig skýrslugerð. Má því segja að kennsluhættir séu margir og misjafnir og erfitt að gera skil á þeim fyrir allt sviðið í einu. Kennarar eru áhugasamir og margir þeirra eru að prófa nýja hluti í stórum eða smáum stíl.



### Kennslubækur og námsgögn

Ný kennslubók var tekin upp í VIÐ213, Markaðsfræði II eftir Ásgeir Valdimarsson.

Sam143 var nú kenndur í annað sinn og bjó kennari til allt námsefni í hann og er með hann í stöðugu mati.

Í sál213 var námsefni yfirfarið og nokkrar breytingar gerðar á því eftir reynslu sl. ára.

### Námsmat

Námsmat er fjölbreytt á sviðinu, sumir hafa símat sem byggir á vinnu nemenda alla önnina, kaflaprófum, einstaklingsverkefnum og samvinnuverkefnum. Sumir hafa lokapróf ein einnig kaflapróf og verkefnavinnu. Sumir láta heimildaritgerðir vega þungt eða samvinnuverkefni og svo eru þeir sem láta vinnu nemenda og mætingu gilda. Í Lan103 eru t.d. engir fyrirlestrar, en áfanginn byggður upp á einstaklingsverkefnum og hópverkefnum, sem enda á kynningum og/eða umræðu. Virkar það vel. Sumir hafa próf á netinu. Námsmat er því fjölbreytt eins og kennsluhættir. Væri gaman að bera saman hinar mismunandi aðferðir og skoða gengi nemenda eftir námsmatsaðferð. Væri það ágætt verkefni fyrir sviðsvinnu næsta vetur.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
<b>Allir kennarar FS</b>	<b>24. október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið: Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS. <b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS
<b>Elísabet Karlsdóttir</b>	Greinabundin íslenskukennsla, fyrir alla kennara sem hafa nemendur af erlendum uppruna í áföngum sínum. Haldið af Ísbrú og Endurmenntun Háskóla Íslands.
<b>Ingigerður Sæmundsdóttir</b>	Ráðstefna Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi haldin í Reykjavík í apríl. Ráðstefna Heimilis og skóla haldin á Reyðarfirði í apríl. Í haust fór hún á Norðlingaskóla ráðstefnu um iPad væðingu. Ráðstefnu um Arverkni gegn heimilisofbeldi, haldin í Reykjavík í mars. Fjölskyldudagur Heimilis og skóla haldin i haust í Háskóla Reykjavíkur. Hélt erindi hjá Endurmenntun H.Í. á námskeiði hjá Ísbrú í ágúst s.l.
<b>Aðrir kennarar hafa ekki svarað spurningunni um námskeið</b>	

## Fundir

Sviðsfundir á haustönn voru sex ef meðtalinn er sviðsfundur á sóknardögum og á vorönn voru sviðsfundir fimm. Venjuleg störf eins og alltaf eins og að ákveða stoðtöflu og viðtalstíma, gera fjárhagsáætlun, ræða um kennsluáætlanir, áfanga í boði, brottfall, próf og prófaundirbúning, samráð á yfirferð prófa og fl. Í sambandi við heilsueflandi skóla var rætt um geðvernd og leitað eftir hugmyndum en síðan voru þemadagar á vorönn tengdir geðverndinni.

Próunarstarf hélt áfram og voru nokkrir sem unnu að þróun námskrár á sviðinu en það er vinna sem mun halda áfram af fullum krafti næsta skólaár. Einn sviðsfundur á haustönn fór í hugmyndavinnu og var rætt var um að hafa almennt stúdentspróf, þar sem nemendur gætu tekið kjarnann og sjálfir raðað kjörsviðum saman eftir því hvað þeir hefðu áhuga á og vildu undirbúa sig undir. En það þyrfti að passa að hafa kjarnann ekki of stóran svo fólk hefði val. Nemendur þyrftu sjálfir að passa uppá að taka áfanga af réttu þrepi eða fá aðstoð til að velja. Ekki talin þörf á að fækka eða breyta áföngum sem hvort sem er eru í stöðugri endurskoðun, en merkja vel á hvaða þrepi hver áfangi er. Margt væri gott eins og það er. Hugsa líka um áfanga sem væru góðir fyrir lífið og jafnvel gott að allir færu í fjármálalæsi, íþróttir, næringarfræði og samfélagslæsi.

Mikið var rætt um skólasókn og hvað ætti að gera þegar nemendur mæta illa. Skólinn mun skanna fjarvistir og allt verður gert til að finna sem fyrst þá sem eru í brottfallshættu vegna mætinga.

Nemendur munu ekki verða teknir úr INNU fyrr en mál þeirra hefur verið tekið fyrir. Talað um mikilvægi þess að nemendur finni persónulega að kennari fylgist með mætingu og árangri þeirra. Þeir sem hafa umsjón með nýnemum mættu á foreldrafund og var rætt um skipulag hans og mætingu foreldra sem þótti fremur lítil. Rætt um nauðsyn þess að hafa samband við foreldra. Erindi frá Jóni Sigfússyni þótti gott.

Þótt áhersla á geðvernd sé nú í verkefninu Heilsueflandi skóli, má ekki gleyma áherslum á gott mataræði, bent á að hafa hollmeti í boði bæði á foreldrafundi og nýnemadegi.

Í byrjun haustannar þótti kennurum hóparnir í áföngunum ansi stórir, en 10 kennarar af 14 voru með meira en 30 nemendur í hópum sínum, eitthvað voru hópar minni á vorönn.

Álag á tölvukerfi var rætt og við beðin um að láta nemendur slökkva á Wi-Fi í símunum sínum til að minnka álagið á kerfið.

Kennarar voru hvattir til að senda inn greinar og efni í Andapóst en aðeins tvær greinar bárust allt skólaárið.

Á haustönn var lögð fyrir könnun frá matsnefnd sem lögð var fyrir á sviðsfundum, kennarar fylltu út matsblöð fyrir stjórnendur, skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjórana.

Á vorönn riðluðust sviðsfundir vegna verkalls, en mikið var rætt um nýja námskrá, brottfall og mætingar.

Einn nýr kennari kom til starfa á okkar sviði á haustönn, Ester Þórhallsdóttir og fékk hún að sjálfsögðu kennarhandbókina og farið var yfir helstu atriði skólaársins með henni á haustönn. Góð mæting var á sviðsfundina og voru kennarar áhugasamir og tóku virkan þátt í umræðum.

### Innkaup og fjárveitingar

Innkaup voru með venjulegum hætti. Aðalútgjöldin voru vegna afreksbrautar í íþróttum en að öðru leyti voru aðallega keypt ritföng, plaköt, kennarahandbækur og verðlaunabækur. Gestafyrirlesarar í LKN og FÆR og vettvangsferðir í íþróttum og hagfræði.

### Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Þriggja vikna verkfall á önninni hafði áhrif á nám og kennslu. Verkfallið stóð yfir frá 17. mars -4. apríl. Nemendur fengu bættu fimm daga í kennslu og prófadögum var þjappað saman þannig að útskriftdagurinn 24. maí hélt sér óbreyttur.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagsviðs, tók saman.



Frá Þemadögum, febrúar 2014.

#### 8.4. Tæknisvið

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma haust	Fjöldi tíma vor
Katrín Sigurðardóttir	<b>Haust 2013</b> THL 103-(THL 203-THL 303) kenndir saman sem einn hópur.-THL 113-THL 213 <b>Vor 2014</b> THL 103-THL 406-THL 143	24	24
Björn Sturlaugsson	<b>Haust 2013</b> GRT 1036-GRT 1936 - GRT 2936, 203, TEH 103, 203 og 3036 kenndir samtímis-FRV103-UTN 103 <b>Vor 2014</b> ÁGS 102-HÚB 102-LHÚ 104 (BS ½ á móti GV )-SVH 102-TRS 102 (BS ½ á móti GV)-GRT 203,TEH 103, 203, 303 kenndir samtímis-HÖN 203	30	29
Íris Jónsdóttir	<b>Haust 2013</b> ITH-103, MYN-103, SJL-103, SJL-203, MYL-223 <b>VOR 2014</b> ITH-203, MYN-103, MYN-113, MYL-103, MYL-213, MYL-303, MYL-314	30	32
Rósa Guðmundsdóttir	<b>Haust 2013</b> UST143, VSH103, UST343, HUV243 Námskeið í tölvuleikjaforritun hjá Skema/HR <b>Vor 2014</b> UST243, VSH203 x 2, HUV143 Námskeið í HTML5 & CSS3 og í jQuery hjá Tækniskólanum	24	24
Ásdís Björk Pálmadóttir	<b>Haust 2013</b> HGR 103,PEM 102,KLP103,BLS 201,HPS101, IFH 103 <b>Vor 2014</b> HGR 203,PEM 202,BLS 201,HLI101,KLP102,IFH203.	24	25
Ellert Smári Kristbergsson	<b>Haust 2013</b> FOR103 x 2, GSÖ102, GSÖ303 VSH303, FOR303 og FOR403 saman í einni stofu <b>Vor 2014</b> FOR203 x 2, GSF103, VEF103, FOR191, FOR123 og FOR143 saman í einni stofu	36	34
Gunnar Valdimarsson	<b>Haust 2013</b> VTG106, VRK143,HÚS193, SSM196, EFG103, TRÉ 193	36	36

	<b>Vor 2014</b> VTS103, TRÉ109, LHÚ104, TRS102, HVI193, TST101, TRÉ103 LHÚ og TRS kennt til helminga á móti Bjössa Stull		
Ólafur Baldvin Sigurðsson	<b>Haust 2013</b> RAM103, RAM302, VGR102, VGR302, RTM202, VSM302, UM U101 <b>Vor 2014</b> RAM202, RAM402, VGR202, VGR402, RTM102, RTM302, UM U101	30	26
Jónas Eydal Ármannsson	Haust2013 VST103 MOV193 SMÍ104 HSU204 Vor 2014 SMÍ 204 VIR104 SUÐ193 VIS102 SSM196	19	22
Ágúst Eiríksson	<b>Haust 2013</b> HSU102, HSU202, LSU102, MOV192, MOV7S12, RSU102 SUÐ193 <b>VOR 2014</b> HSU102, SUÐ193, HVI193, SSM196, MOV8S12,	34	30
Hildur Skúladóttir	<b>Haust 2013</b> TÆK101, TÆK303, TUS193, TNT102, TNT303, NET143 <b>Vor 2014</b> TÆK203, CNA103, NET143, TNT403	30	30
Ívar Valbergsson	<b>Haust 2013</b> VST, 403 og 204 RAF 113 STÝ 102 KÆL 122 <b>Vor 2014</b> VST, 204 og 312 STI 103 og KÆL 202	27	24
Bragi Einarsson	<b>Haust 2013</b> UTN 103, LIM 203, MYL 504 <b>Vor 2014</b> UTN 103, LIM 113, MYS 304, MYL 603	26	24
Lárus Þór Pálmason	<b>Haust 2013</b> FNG103, ENG102, ENS211, ITN103, LOR101, VOV103 fjarnám TTÖ103, SJR 102 Staðarnám SIR 102, STL101 Dreifnám		

	<b>Vor214</b> FNG103, ENG102, ENS211, ITN103, ITN 205, LÍK 103, LOR101, VOV103 fjarnám GRT 103, GRT 193, GRT293 Staðarnám SIG 102 Dreifnám		
Garðar Þór Garðarsson	<b>Haut 2014</b> STR-302, STR-503, RAL-704, RAM-502, FRL-203, RLT-102, RAM-702, VLV-103, STR-603 <b>Vor 2014</b> RAF-193, FRL-103 skert, STR-603 skert, RAM-602 skert, RAL-603 skert, STR-402, TNT-202 RLT-202 skert, RLT-102, VLV-103	36	33
Björgvin Jónsson	<b>Haut 2013</b> RAL 103, RAI 102, RAL 303, RAL 503, RRV 103, RRV 302, RLT 302, STR 102, LÝS 103 í P. <b>Vor 2014</b> RAL 103, RAL 202, VSM 103, RAF 193, RAL 403, RRV 203, STR 203	36	34

#### Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

**Ólafur Baldvin Sigurðsson:** Breytti RTM202 áfanganum vegna þess að fall í honum hefur verið of mikið. Breytingin fólst í því að útbúa þætti sem ég tók upp og setti á netið. Þar gátu nemendur séð hvernig hægt var að leysa ýmis verkefni. Fyrirkomu lagið hefur verið kallað „Flippuð kennsla“. Nemendur koma í skólann og fá verkefni og eiga að skila því á ákveðnum tíma og ekki er gefinn frestur. Nemendur gátu ráðið verkefnið heima eða í skólanum. Kennari skrifaði aldrei neitt á töfluna. Útkoman varð sú að mun fleiri náðu áfanganum þó svo að meðaleinkunn lækkaði hjá þeim sem náðu.

**Katrín Sigurðardóttir:** japönsk sníðagerð var nýtt í textílnum og eru sníð unnin á allt annan hátt en nemendur eru vanir.

**Íris Jónsdóttir** nemendur í Myl-303 taka þátt í hugmyndavinnu vegna Reykjanesbær verður 20 ára á árinu og vinna hugm. Að útilistaverkum á strandleiðinni (gatan fyrir neðan Hafnargötu) og stendur til að sýna afraksturinn á sýningu á vegum Menningar sviðs Rnb. Í vor.

**Ívar Valbergsson** Prófað í munnleg prófum.

### Nýjar kennslubækur og -gögn

Katrín Sigurðardóttir Pattern Magic er er bók í japanskri sníðagerð.

Nýútkomin bók frá P.P. Hársnyrting undirstöðuatriði.

Ellert Smári:

Í forritun byrjaði ég að kenna Python sem hefur ekki verið kennt áður en er þekkt sem gott byrjendamál enda hefur það reynst mjög vel.

Nemendur sem eru lengra komnir í vefsíðugerð hafa kynnst Angular og Node.js sem eru ein vinsælustu „framework-in“ í vefsíðugerð í dag, Node.js fyrir bakendann og Angular fyrir framendann.

Í GSÖ hafa nemendur kynnst svo kölluðu LAMP (Linux, Apache, MySQL, PHP) hugbúnaðarsamstæðu sem þeir hafa nýtt sér við gerð gagnagrunna.

### Námsmat

Katrín Sigurðardóttir: símat , heimapróf, próf í kennslustund

Björn Sturlaugsson: símat, kannanir í kennslustund

Ásdís B Pálmadóttir; símat, jafningjamat og próf.

Íris Jónsdóttir verkefni metin í lok annar.

Bragi; símat

Ellert Smári: Verkefnavinna, próf og lokaverkefni í lok annar

Gunnar Valdimarsson: Símat á verkefnavinnu

Ólafur Baldvin Sigurðsson: Blanda af símati, heimadæmum, skyndiprófum og lokaprófi.

Ágúst Eiríksson: Símat, kannanir og próf í próftöflu.

Ívar Valbergsson: Símat á verkefnavinnu

Garðar Þór Garðarsson: Símat verkefni nemenda, próf, skýrslur.

Björgvin Jónsson: Blanda af símati, heimaverkefnum, skyndiprófum og lokaprófi

<b>Námskeið sem kennarar hafa sótt</b>	
<b><u>Nafn kennara</u></b>	<b><u>Námskeið</u></b>
Katrín Sigurðardóttir	Námsskeið í hönnunarsögu í Endurmenntun
Katrín Sigurðardóttir	Námsskeið í viðburðarstjórnun í HR
Björn Sturlaugsson	Námskeið í raunfærnimati á vegum Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins
Ásdís B Pálmadóttir	Námskeið í viðburðarstjórnun í HR
Ásdís B Pálmadóttir	Námskeið í hönnun og tískulínu hjá Fagfélagi Hársnyrtikennara
Íris Jónsdóttir	Námskeið í tískuteikningu hjá Tækniskólanum
Ellert Smári	Námskeið í tölvuleikjaforritun hjá Skema/HR
Gunnar Valdimarsson	Ráðstefna á vegum IÐNÚ um námsbækur og rafbækur Ráðstefna Samiðn um Ið nám
Ívar Valbergsson	Ráðstefna á vegum IÐNÚ um námsbækur og rafbækur Ljósmyndanámskeið Lestur á kennslufræðum
Björgvin Jónsson	Smíði trébáta, skipsstjórnarnám <12m,vélstjórn 750kw

<b>Annað sem kennarar vilja taka fram</b>
Starfsandinn á tæknisviði var mjög góður, fólk tilbúið að aðstoða þverfaglegt og þ.h . Fólk sýndi erfiðum aðstæðum í samfélaginu skilning og gerði sitt besta til þess að spara og endurnýta.

<b>Sviðsfundir</b>
<p>Sviðsfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði. Á þessum fundum var farið yfir það sem var í gangi hverju sinni, mætingar nemenda, áfanga í boði, unnið að hugmyndum til varnar brottfalli, prófagerð, námsmat og fl.</p> <p>Rætt var um námsskrárvinnu og breytingar á áföngum.</p> <p>Ræddum um fyrirlesara Eyþór Eðvarðsson sem kom til okkar á kennarafund og ræddi um hvað það þýðir að vera góður vinnufélagi og mórál og jákvæðni á vinnustöðum en á sviðsfundum var unnið með niðurstöðurnar og var fólk sammála um að það er gott að ýta við fólk öðru hvoru um samskipti á vinnustöðum og þ.h.</p> <p>Annar fyrirlesari Bryndís Jóna Jónsdóttir ræddi við okkur um mindfulness og var almenn ánægja með þennan fyrirlestur líka og þessu fylgt eftir með umræðum á sviðsfundum.</p>



### Innkaup og fjárveitingar

Vegna niðurskurðar þá er reynt að sleppa við kaup á nýjum tækjum og tólum nema það sem myndi flokkast undir venjulegt viðhald.

### Gjafir og styrkir

Skólinn fékk að gjöf tvö dyrasímakerfi frá Smith og Norland.

Skólinn fékk fjórar vélar til þess að nota við kennslu í málm og vélstjórn en gefandi var Isavia. Byko styrkti skólann með því að flytja vélarnar til skólans.

Katrín Sigurðardóttir sótti um styrk í Sprotasjóði vegna endurvinnsluáfanga og fékk kr. 400.000.

### Annað


**Ásdís P.:** Íslandsmót í verk- og iðngreinum verður haldið 6-8. mars og eru 4 þátttakendur frá hársnyrtideild sem keppa og förum við nemendur að hvetja þær.

**Gunnar V:** Tveir keppendur fóru í Trésmíði á Íslandsmóti Iðn- og verkgreina

**Ívar Valbergsson:** keppt og unnið í Snilldarlausnum Marels

**Garðar:** Tveir keppendur fóru á Íslandsmót Iðn og verkgreina í rafvirkjun.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.



Frá Íslandsmóti iðn- og verkgreina, mars 2014.

## 8.5. Starfsbraut

Kennari	Hlutfall	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Pórunn Svava Róbertsdóttir	100% staða	Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, skipulögð vinnubrögð og íslenska.	Íslenska, lífsleikni, heimilisfærni og skipulögð vinnubrögð.
Ásta Birna Ólafsdóttir	100% staða	Ensku, tónlist, starfsnám, Skipulögð vinnubrögð, ensku og heimilisfræði.	Ensku, tónlist, heilbrigðisfræði, heimilisfærni, skipulögð vinnubrögð og starfsnám á vinnustað.
Andrés Þ. Eyjólfsson	(2x 55 mín. á viku)	Íþróttir	Íþróttir
Ólöf Bolladóttir	100% staða	Íslensku, starfsnám á vinnustað, skipulögð vinnubrögð og stærðfræði.	Íslensku, lífsleikni, skipulögð vinnubrögð, starfsnám á vinnustað og samfélagsfræði
Ingigerður Sæmundsdóttir	STÆ:4x 55 mín. á viku ENS:3x 55 mín. á viku	Stærðfræði og enska	Stærðfræði
Lárus Þór Pálmason	1x 55. mín. á viku	Tölvur	
Ágúst Eiríksson	80. mín á viku	Málmur	Málmur (2x55 mín á viku)
Gunnar Baldvinsson	95 mín á viku		Smíðar
Simon Carmer Larsen	4x55 mín á viku		Danska og lífsleikni
Magnús Áskellsson	100% staða	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun.	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun.
Thelma Rut Eiríksdóttir	50% staða	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun. Telma vann á mánudögum og	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun. Telma

		miðvikudögum.	vann á þriðjudögum og fimmtudögum
Ásta Svanhvít Sindradóttir	100% staða	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.
Katrín M. Aradóttir	100% staða	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.
Aron Elís Árnason	100% stöðu.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi Byrjaði í september
Einar Valgeir Arason	1 stund á viku		Samfélagsfræði
Eva Björg Sigurðardóttir	80% staða		Stuðningsfulltrú sem byrjaði 3. febrúar 2014

#### Nemendafjöldi

Á haustönn 2013 hófu 42 nemendur nám á starfsbraut. Um áramótin flutti einn nemandi á höfuðborgarsvæðið og færði sig yfir í annan framhaldsskóla. Á vorönn skráðu tveir nýjir nemendur sig í nám á starfsbraut en einungis annar þeirra kom í skólann og því stunduðu 43 nemendur nám á starfsbraut á vorönn 2014.

#### Kennslurými

Þrjár stofur voru notaðar fyrir nemendur á starfsbraut, þ.e. 221, 212 og 114, einnig voru hliðarstofur í 221 og kennslueldhús nýtt í til hópavinnu. Auk þess vorum við með eina litla kennslustofu á neðstu hæðinni en hún var nýtt fyrir nemanda sem þarf einstaklingsmiðað kennsluumhverfi. Á vorönn var stofa nr. 213 notuð í stað stofu 114.

### Kennsluhættir

Lögð var áhersla á að vinna einstaklingsmiðað og ná hámarksárangri hjá nemendum jafnt sem kennurum. Nemendum var skipt í hópa í hverjum áfanga og kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sáu um viðkomandi hóp og aðlögun á námsefni eftir því sem þurfti hverju sinni. Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig.

Nemendahópnum var skipt í þrjá til fjóra hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum. Í íslensku, lífsleikni og stærðfræði voru nemendur í þremur mismunandi hópum, þ.e. hópi 1, 2 og 3. Í starfsnámi var nemendum skipt eftir árum, þ.e. nemendur á fyrsta og öðru ári voru saman í hópi og nemendur á þriðja og fjórða ári voru saman.

Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar, þ.e. unnið var með námsefnið á mismunandi hátt, t.d. með tónlist, vinnubókum, veraldarvefurinn var nýttur vel, I-pad, hlutverkaefingar, umræður og svo mætti lengi telja.

### Kennslubækur og námsgögn

Kennarar útbúa og/eða taka saman námsefni fyrir nemendahópa sína. Ásta Birna Ólafsdóttir útbjó vinnuhefti í ensku fyrir alla nemendur í enskunámi og í heilbrigðisfræði fyrir hóp 1. Þórunn Svava útbjó verkefnabók í fyrir alla nemendur í íslensku og lífsleikni.

Fengið var afrit af vinnubók í íslensku frá FSU sem var notuð að hluta til í tveimur hópum. Ólöf Bolladóttir vann verkefnabók í samfélagsfræði og Telma Rut vann verkefnabók í stærðfræði fyrir einn hóp. Í starfsnámi var nýtt námsefni eftir Ástu Birnu og Þórunni Svövu.

### Námsmat

Námsmat í áföngum er mismunandi. Nemendur fóru í 4-6 lokapróf allt eftir vali hvers og eins. Í lokaprófsáföngum fóru allir skráðir nemendur í lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Kennarar skila inn greinagerð um alla kennda áfanga, ásamt umsögn og námsmati um hvern og einn nemanda. Í lok hvernar annar fá nemendur einstaklingsnámsmat sem er mat á markmiðum sem sett voru í einstaklingsnámskrá í upphafi annar, umsögn frá kennurum um hvernig önnin gekk og hugmyndir um áframhaldandi starf. Það er liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Kennarar lögðu áherslu á fjölbreytt námsmat, s.s. tímaverkefni, könnunarpróf, heimapróf, hóppróf, símat, jafningamat, verkefni, verklegar æfingar, svindlpróf og munnleg próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
<b>Pórunn Svava Róbertsdóttir</b>	<p><b>17-18. júní</b> We mean business ráðstefna í Brussel á vegum Evrópusambandsins.</p> <p><b>16. september</b> Fyrirlestur/kennslustundir í HÍ með nemendum í fötlunarfræðum.</p> <p><b>3. október</b> Ráðstefna hjá Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum. „nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla“</p> <p><b>16.-17. október</b> Einhverfuráðstefna með Gary Mesibov og Svanhildi Svavars. CELEBRATING TEACCH IN ICELAND</p> <p><b>24. október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið:Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS.</p> <p><b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS</p> <p><b>24. febrúar</b> Fyrirlestur um skapandi hugsun sem Sigrún Jóhannesdóttir flutti.</p> <p><b>3. mars</b> Fyrirlestur um Erasmus+ mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun Evrópusambandsins til 2020.</p>
<b>Ásta Birna Ólafsdóttir</b>	<p><b>17-18. júní</b> We mean business ráðstefna í Brussel á vegum Evrópusambandsins.</p> <p><b>3. október</b> Ráðstefna hjá Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum. „nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla“</p> <p><b>16.-17. Október</b> Einhverfuráðstefna með Gary Mesibov og Svanhildi Svavars. CELEBRATING TEACCH IN ICELAND</p> <p><b>24. október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið:Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS.</p> <p><b>16. janúar.</b> Erindi hjá Dr. Ilene Schwartz, gistiprófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild um menntun fagfólks til að sinna kennslu barna með sérþarfir í skóla án aðgreiningar.</p> <p><b>3. mars</b> Fyrirlestur um Erasmus+ mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun Evrópusambandsins til 2020.</p>
<b>Magnús Áskelsson</b>	<p><b>24. október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið:Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS.</p> <p><b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS</p>
<b>Ásta Svanhvít Sindradóttir</b>	<p><b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS</p>

<b>Ólöf Bolladóttir</b>	<p><b>3. október</b> Ráðstefna hjá Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum. „nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla“</p> <p><b>24.október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið:Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS.</p> <p><b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS</p> <p><b>27. febrúar</b> Ráðstefna Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ um atvinnumál</p>
<b>Katrín Marsín Árnadóttir</b>	<p><b>24.október</b> Eyþór Eðvarðsson vinnusálfræðingur flutti fyrirlestur sem bar heitið:Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti var haldið í FS.</p> <p><b>6. febrúar</b> var Bryndís Jóna Jónsdóttir með erindi um gjörhygli/núvitund í FS</p>

#### Liðveisla

Á haustönn voru fimm nemendur með liðveislu. Markmiðið með liðveislu er “nemandi fyrir nemanda” þ.e. að fá nemendur í skólanum til að aðstoða nemendur á starfsbraut. Einnig að styrkja félagslega stöðu nemenda á starfsbraut með því að fá tækifæri til að falla í hópinn með öðrum nemendum skólans. Á vorönn voru fjórir nemendur sem nýttu sér liðveislu í hádeginu tvisvar til þrisvar sinnum í viku.

#### Starfshópar á vegum ráðuneytisins

Ásta Birna Ólafsdóttir situr í nefnd sem heitir Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk á vegum velferðarráðuneytisins. Þar situr hún ásamt 6 öðrum sérfræðingum í málefnum fatlaðra.

#### Erindi

Þórunn Svava Róbertsdóttir flutti erindi um tilfærsluáætlanir á kennslustjórafundi þann 7. október2013. Þórunn var einnig beðin um að halda erindi um tilfærsluáætlunina á ráðstefnu Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ um atvinnumál, en gat því miður ekki brugðist við því.

Ásta Birna Ólafsdóttir hélt erindi um einhverfu í Stóru Vogaskóla þann 6. janúar 2014.

#### Styrkir

Skólinn fékk styrk til námsbrautargerðar upp á 2.040.000 kr. Þetta er samvinnuverkefni á milli Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskólans við Ármúla og Verkmenntaskólans á Akureyri. Markmiðið er að vinna að grunnstefnumótun fyrir starfsbraut og útfæra áfangalýsingar og heildar brautarlýsingu sem verður skráð í námskrágrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þórunn Svava Róbertsdóttir er verkefnastjóri verkefnisins.

## Leonardo verkefni

### Nemendaferð til Finnlands

Í lok nóvember fóru sex nemendur og fjórir kennarar í skiptinámsferð til Finnlands á vegum Leonardo da Vinci verkefnisins. Þetta var seinni hluti verkefnisins en á síðasta skólaári var farið í fyrri ferðina. Nemendur voru undirbúnir undir ferðalagið sem fyrir höndum var, lærðu ýmislegt um Finnland og finnska menningu. Farið var til Finnlands sunnudaginn 25. nóvember og komið heim laugardaginn 7. desember. Hægt er að segja að ferðin hafi tekist vel í alla staði. Nemendur voru mjög ánægðir með ferðina og sögðust hafa lært mikið af henni, bæði náms- og félagslega. Hægt er að nálgast ítarlegar skýrslu hjá undirritaðri eða Ástu Birnu Ólafsdóttur.

## Nemar

### Þroskaþjálfanemar

Eins og áður þá hafa þroskaþjálfanemar fengið tækifæri til að kynna starfinu í FS á vorönn, en nú stundaði Sibeso Imbula Sveinsson 2. árs þroskaþjálfanemi úr HÍ, vettvangsnám hér á brautinni. Lagt var upp með að hún yrði í 6 vikur en sökum verkfalls var viðvera hennar einungis í eina viku.

## Fundir

Margir fundir voru haldnir á skólaárinu. Á hverjum fimmtudegi var fagfundur með öllu starfsfólki starfsbrautar frá kl 14:20-15:30. Á þessum fundum var farið yfir málefni nemenda, áherslur í starfi og miðlað upplýsingum. Nokkrir sviðsfundir voru haldnir eða um það bil einn í mánuði þar sem kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sátu. Þar var m.a. fjallað um námskrávinna, kennsluhætti, ýmis nemendamál, fagleg vinnubrögð og ýmislegt fleira. Nokkrir teymisfundir voru haldnir en þá sækja umsjónarkennarar, sviðstjóri og sá aðstoðarkennari sem er mest með viðkomandi nemanda.

Foreldrafundir með nemendum sem eru yngri en 18 ára voru haldnir eftir þörfum, þ.e. í samráði við foreldra og fóru þeir fram í Fjölbrautaskólanum eða úti í bæ. Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins boðaði til nokkra funda þar sem kynntar voru nýjar niðurstöður hjá þeim nemendum sem höfðu sótt þjónustu hjá þeim. Haldnir voru nokkrir fundir með foreldrum nemenda sem eru væntanlegir í FS á næsta skólaári. Kennslustjórafundur var haldin 7. október í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

## Heimsóknir

Kennarar sem kenna á starfsbraut í lðnskólanum í Hafnarfirði komu á haustönn og kynntu sér nám, starf og násefni á brautinni.

Grunnskólanemendur úr 10 bekkjum Holtaskóla, Akurskóla Öspinni og Grunnskólanum í Sandgerði komu í heimsókn á vorönninni í þeim tilgangi að kynna sér nám og störf á brautinni. Nemendur komu í eitt til fjögur skipti og sátu í mismunandi kennslustundum og tóku þátt á eigin forsendum.

## Innkaup og fjárveitingar

Ekki var farið í nein stórinnskaup á önninni.

## Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Nemendahópnum var oftast skipt í þrjá til fjóra hópa. Einnig sem nemendum var stundum skipt eftir árum í hópa, þ.e. nemendum á 1-2 ári saman og 3-4 ári saman. Mikilvægt er að hafa sveigjanleika í nemendahópnum og varast það að niðurnjörva hópana um of. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og að mörgu er að hyggja, því er mikilvægt að hafa flæði á milli hópa og hafa hópaskiptinguna einstaklingsmiðaða. Að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut hefur verið unnið metnaðarfullt starf, lögð hefur verið áhersla á einstaklingsmiðað nám og að skapa aðlaðandi umhverfið fyrir nemendur og kennarar. Þriggja vikna verkfall á önninni hafði áhrif á nám og kennslu. Verkfallið stóð yfir frá 17. mars -4. apríl. Nemendur fengu bættu fimm daga í kennslu og prófadögum var þjappað saman þannig að útskriftdagurinn 24. maí hélt sér óbreyttur. Það verður söknuður á eftir nýútskrifuðum nemendum, en við erum þess fullviss um að þau verði fær um að taka þátt í atvinnulífinu og veðri sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.



Frá þemadögum, febrúar 2014.



## 9. Skýrsla bókasafns

### Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m<sup>2</sup> húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

### Skólaárið 2013-2014

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað heldur undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru fleiri. Það er m.a. vegna þess að í nokkrum stórum verkefnum eru safngögn ekki lánuð út en nemendur nota þau í staðinn á safninu og í kennslustofum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista. Að þessu sinni var vörfundur hópsins haldinn í skólanum og í framhaldinu skoðuðu fundargestir sig um í Reykjanesbæ og nágrenni.

### Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2013-2014	Safnkostur	Aðföng 2013-2014	
Bækur	113	17.179	Keypt	116
Myndefni	18	1.046	Aðsent	8
Hljóðefni	13	258	Gjafir	23
Hljóðbækur	3	69		
Margmiðlunardiskar	0	72	Kennslubækur	12
Annað	0	11		
Afskrifað: 231				
<b>Samtals</b>	<b>147</b>	<b>18.635</b>		

### Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	7	500 Raunvísindi	4
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	5	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	7
200 Trúarbrögð	0	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	46
300 Samfélagsfræðigreinar	20	800 Bókmenntir	47
400 Tungumál	5	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	6

### Tímaritaáskriftir: 35

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

### Útlán

000 Almennt efni	5
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	32
200 Trúarbrögð	18
300 Samfélagsfræðigreinar	33
400 Tungumál	7
500 Raunvísindi	46
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	43
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	82
800 Bókmenntir	436
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	81
<b>Samtals</b>	<b>783</b>

Millisafnalán: 9

Lán innan safns/skóla: 1.335 (haustönn 543, vorönn 792)

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

## 10. Skýrsla námsráðgjafa

### Inngangur

Haustið 2013 voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna var í 100% stöðu, Sesselja var í 83,5% stöðu og Sunna var í 90% stöðu. Nemendafjöldi á haustönn 2013 var u.þ.b. 1100.

Á vorönn 2014 voru tveir námsráðgjafar starfandi við skólann. Sesselja í 83,5% stöðu og Sunna í 70% stöðu, nemendur vorum u.þ.b. 970 á vorönn 2014.

Grunnskólanemar voru u.þ.b. 100 báðar annir.

### Verkaskipting námsráðgjafa

Elín Rut Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi er námsráðgjöfum innan handar og stýrir fundum með þeim einu sinni í viku. Á þeim fundum er farið yfir ýmis mál sem tengjast starfinu.

Guðrún Jóna hélt utan mætingar nemenda ásamt Þórunni mætingastjóra. Hún sá um námstækninámskeið á haustönn.

Sesselja sá um verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ sem er samstarfsverkefni mennta- og menningamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sesselja hefur haldið utan um liðveisluna. Sesselja sá um prófkvíðanámskeið á haustönn. Hún fór með fyrirlestur um ferilskrágerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á haustönn og vorönn. Sesselja hafði umsjón með skipulagningu og umsjón nýnemadagsins sem haldinn er í upphafi hvorrar haustannar. Sesselja sá um aðstoðarlista námsráðgjafa á vorönn.

Sunna hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Hún var umsjónarkennari nemenda eldri en 18 ára. Sunna var með námstækni fyrir íþróttafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf. Einnig hefur Sunna setið fundi varðandi Heilsueflandi skóla.

Sunna sá um námstækninámskeið á vorönn. Sunna hafði umsjón með fornáms- og færnihópum.

Sesselja og Sunna sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum og einnig um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Þær sáu einnig um viðtöl á almennu brautinni. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Sunna hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar. Sesselja og Sunna héldu fyrirlestur um námstækni í Lífsleiknitímum.

Í prófum á haustönn skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál. Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“ sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsgöðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

### **Viðtöl**

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

## Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hvernar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 180 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS báðar annir. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 25 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á eitt námstækninámskeið í september, í febrúar var ekki næg þátttaka á námstækninámskeið og var því sinnt í einkaviðtölum. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkvíðanámskeið í nóvember. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2013 voru 58 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2014 voru 40 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi nemanda.

Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

### **Fornám**

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar reglulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

### **Foreldrasamstarf**

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

## Námskeið

### Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar fóru á einn fund með Stellu Blöndal en hún sér um verkefnið „Brottfall í framhaldsskólum“ sem er á vegum menntamálaráðuneytisins. Sesselja sat í nefnd eflingu námsráðgjafar á Suðurnesjum. Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja vann að þessu verkefni. Í september fór Sunna á málþing um geðrækt í framhaldsskólum.

### Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

### Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á haustönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS, sökum verkfalls misstu tveir skólar af heimsókninni, þeim verður boðið að koma í heimsókn haustið 2014.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

### Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR.

### Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá fjölskyldu-og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og fjölskyldu-og félagsmáladeildir í nágrennasveitafélögum.

## **Töflubreytingar og fleiri störf**

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að skrá grunnskólanemendur inn í skólann.

## **Aðrir samstarfsaðilar**

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingageðdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum



## 11. Nám er vinnandi vegur

### Inngangur

Síðastliðnar sex annir hefur Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS) tekið þátt í átaksverkefninu *Nám er vinnandi vegur*. Þetta verkefni miðar að því að veita nemendum á aldrinum 18 til 25 ára skólavist. Átakið byggir á tillögum frá samráðshóp ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði (Keilir. Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, 2011). *Nám er vinnandi vegur* byggist meðal annars á markmiði í stefnumörkuninni Ísland 2020 um að lækka hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun. Nemendahópur átaksins hefur verið tvískiptur, annars vegar hópur nemenda sem innritaðist í nám samhliða því að þiggja bætur hjá Vinnumálastofnun og hins vegar hópur nemenda sem framhaldsskólarnir innrituðu til viðbótar við hefðbundna ársnemendur og eru á aldrinum 18-25 ára. Samhliða átakinu var efld náms- og starfsráðgjöf í þeim framhaldsskólum, sem innrituðu nemendur vegna átaksins og var þessum nemendahópi fylgt eftir sérstaklega með það fyrir augum að sporna gegn brotthvarfi (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Átakið hófst haustið 2011 og var þá tæplega 1500 nemendum tryggð skólavist í framhaldsskólum landsins. Átakið hefur því staðið yfir í sex annir þ.e. haust 2011, vor 2012, haust 2012, vor 2013, haust 2013 og vor 2014. Þeir atvinnuleitendur sem hafa fengið skólavist innan átaksverkefnisins hafa haldið bótum sínum. Þegar þeir hafa misst réttinn af bótunum hefur verið gert ráð fyrir að þeir sem voru í lánshæfu námi hjá LÍN myndu fara af bótum á námslán en þeir sem voru í ólánshæfu námi hafa getað fengið námsstyrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði í allt að þrjár annir þar til þeir höfðu öðlast rétt til námslána (Vinnumálastofnun, e. ártal).

### Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var einn þessara framhaldsskóla sem tók þátt í átakinu *Nám er vinnandi vegur* frá upphafi og hefur það gert FS kleift að innrita fleiri nemendur í skólann en ella. FS býður upp á mjög fjölbreytt nám, bæði bóklegt og verklegt. Skólinn er áfangaskóli og var stofnaður árið 1976. Vorönn 2014 innrituðust um 970 nemendur í skólann. Ekki þótti ástæða til að skrá inn í átakið *Nám er vinnandi vegur* þá nemendur sem teknir voru inn um áramót. Þeir nemendur sem eru því í átakshópnum vorönnina 2014, eru þeir nemendur sem hafa byrjað nám í FS haust 2011, vor 2012, haust 2012, vor 2013 og haust 2013.

Í skólanum eru starfandi tveir náms- og starfsráðgjafar og hefur annar þeirra haldið sérstaklega utan um átakið. Það sem hefur falist í því er að skoða nemendahópinn sem var í átakinu, fylgjast með mætingum og kalla nemendur til sín. Námsráðgjafinn hvatti nemendur áfram og veitti þeim þann stuðning sem nemendur sóttust eftir. Misjafnt var hvað nemendur þörfuðust. Sumir vildu enga hjálp þiggja, aðrir vildu aðstoð. Ráðgjöfin fór fram að mestu leyti í einstaklingsviðtölum. Boðið var uppá leiðbeiningar um námstækni og prófkvíða, regluleg viðtöl og sérúrræði í prófum svo eitthvað sé nefnt. Sumum nægði bara að spjalla um daginn og veginn.

Nemendurnir innrituðust á margar brautir og voru á misjöfnum stað í náminu. Sumir voru ekki búnir að ljúka mörgum einingum úr framhaldsskóla á meðan aðrir voru að fara að útskrifast. Margir nemendanna mættu mjög vel en aðrir voru með mjög slaka mætingu og námsráðgjafinn reyndi að sinna þeim hópi meira en öðrum. Hann reyndi að fylgjast sérstaklega með þessum nemendum og hringja í þá og kalla á þá til sín oft en aðra nemendur.

Í upphafi vorannar 2014 voru 93 nemendur skráðir í verkefnið *Nám er vinnandi vegur* í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þessar tölur voru sendar til Menntamálaráðuneytisins í upphafi annar. Af þessum nemendum var enginn nemandi sem fékk framfærslustyrk frá VMST á önninni.

### Niðurstöður

Eins og áður hefur komið fram voru nemendur sem tóku þátt í átakinu *Nám er vinnandi vegur* samtals 93. Kvenkyns nemendur voru samtals 43 eða 46% og karlkyns nemendur voru samtals 50 eða 54%. Sjá töflu 1.

Kyn	Fjöldi	%
Konur	43	46
Karlar	50	54
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>100</b>

Tafla 1. Fjöldi kvenna og karla í *Nám er vinnandi vegur*.

Af þeim 93 nemendum sem voru skráðir í átakið héldu 79 nemendur áfram námi eða um 85% nemenda. Það þýðir að 14 nemendur hættu námi á vorönn 2014 eða um 15% nemenda. Af þessum 93 nemendum áætla 64 nemendur að koma aftur í skólann næstu önn sem eru 69% nemenda. Þeir nemendur sem ætla ekki að koma í skólann haustönn 2014 eru samtals 4 eða 4% (sjá töflu 2). Af þeim 11 nemendum sem útskrifuðust vorönn 2014 var enginn nemendanna með styrk frá VMST (sjá töflu 3).

Nemendur í átakinu	Fjöldi	%
Hættu á önninni	14	15
Útskrifast vor 2014	11	12
Áætla að koma aftur	64	69
Koma ekki haustönn 2014	4	4
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>100</b>

Tafla 2. Fjöldi nemenda sem voru í átakinu *Nám er vinnandi vegur*.

Útskrift vor 2014	Fjöldi	%
Nemendur með styrk	0	0
Nemendur ekki með styrk	11	100
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>100</b>

Tafla 3. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist vorönn 2014.

Þegar nemendur sem hættu í skólanum vorönn 2014 eru skoðaðir kemur í ljós að meirihluti þeirra byrjaði á haustönn 2013 eða 7 nemendur. Þetta eru 50% þeirra nemenda sem hættu á önninni. Það voru tveir nemendur sem byrjuðu vorönn 2012 en hættu á vorönn 2014 sem gerir 14% þeirra sem hættu. Það var einn nemandi sem byrjaði haustönn 2012 en hætti á vorönn 2014 sem gerir 7% þeirra sem hættu. Það voru fjórir nemendur sem byrjuðu vorönn 2013 en hættu vorönn 2014 eða 29% þeirra sem hættu (sjá töflu 4). Þar sem fleiri nemendur hætta eftir að hafa verið stutt í skólanum má draga þá ályktun að ef nemendur klári eina önn í skólanum, séu meiri líkur á því að þeir haldi áfram í skóla.

Hættir á önninni (skipting eftir önnum)	Fjöldi	%
Nemendur sem hófu nám haust '11	0	0
Nemendur sem hófu nám vor '12	2	14
Nemendur sem hófu nám haust '12	1	7
Nemendur sem hófu nám vor '13	4	29
Nemendur sem hófu nám haust '13	7	50
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

Tafla 4. Fjöldi nemenda sem hætti í skólanum vorönn 2014 (skipt eftir önnum).

Nemendur í áttakinu voru á aldrinum 17 ára til 64 ára. Aðalhópurinn var þó á aldrinum 18 til 25 ára en aðrir aldurshópar voru fengnir til þess að bæta upp í hópa. Flestir nemendur voru á aldursbilinu 21 árs til 25 ára eða um helmingur nemenda eða 50,6% þeirra. Fæstir nemendur voru undir 18 ára eða einungis 3,2% þeirra (sjá töflu 5). Í aldurshópnum 18 ára til 25 ára voru því 76,4% nemenda.

Aldur nemenda	Fjöldi	%
Undir 18 ára	3	3,2
18 – 20 ára	24	25,8
21 – 25 ára	47	50,6
26 ára og eldri	19	20,4
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>100</b>

Tafla 5. Aldur nemenda vorönn 2014.

Af þeim fjölmörgu námsbrautum skólans voru nemendur í áttakinu *Nám er vinnandi vegur* skráðir á 20 brautir. Fjölmennasta brautin var félagsfræðabraut en þar voru 22 nemendur skráðir eða 23,6 %. Næst fjölmennastu brautirnar voru listnámsbraut og sjúkraliðabraut en þar voru átta nemendur á hvorri braut. Á nokkrum brautum var aðeins einn nemandi í áttakinu skráður. Þetta eru brautirnar hársnyrtiiðn, löggæslu- og björgunarbraut, verknámsbraut og verslunar- og þjónustubraut (sjá töflu 6). Þegar þeir sem hættu í skólanum eru skoðaðir eftir brautum sést að af þeim sem hættu í skólanum voru það sex brautir sem tveir nemendur hvor hættu á. Þetta eru brautirnar grunnám rafiðna, grunnám málm- og véltæknigreina, félagsfræðabraut, listnámsbraut, sjúkraliðabraut og tölvuþjónustubraut. Það voru tvær námsbrautir þar sem einn nemandi af hverri braut hætti af. Þetta voru námsbrautirnar almenn braut og viðskipta- og hagfræðibraut.

Námsbrautir	Fjöldi	%	Hættir	%
Almenn braut	3	3,2	1	7,1
Ferðaðþjónustubraut	3	3,2	0	0
Félagsfræðabraut	22	23,6	2	14,3
Gr.nám málm- og vélt.	7	7,6	2	14,3
Gr.nám rafiðna	3	3,2	2	14,3
Hársnyrtiiðn	1	1,1	0	0
Íþróttabraut	2	2,1	0	0
Listnámsbraut	8	8,6	2	14,3
Löggæslu og bjö.braut	1	1,1	0	0
Málabraut	4	4,3	0	0
Náttúrufræðibraut	6	6,5	0	0
Rafvirkjun	3	3,2	0	0
Sjúkraliðabraut	8	8,6	2	14,3
Starfsbraut	2	2,1	0	0
Tölvufræðibraut	3	3,2	0	0
Tölvuþjónustubraut	6	6,5	2	14,3
Verknámsbraut	1	1,1	0	0
Verslunar- og þjónustubr.	1	1,1	0	0
Vélstjórn	2	2,1	0	0
Viðskipta- og hagfr.braut	7	7,6	1	7,1
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>100</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

Tafla 6. Fjöldi nemenda eftir námsbrautum.

Þegar búseta nemenda var skoðuð kom í ljós að flestir nemendanna áttu heima í Reykjanesbæ eða 74 sem eru 79,5 %. Næst kom Grindavík og Garður en þar bjuggu 6 nemendur í sitt hvoru bæjarfélaginu. Fæstir nemendur áttu heima utan Suðurnesja, eða einn nemandi sem var um 1,1% nemenda. Af þeim nemendum sem hættu á önninni bjuggu 10 þeirra í Reykjanesbæ eða 79,5%, tveir þeirra bjuggu í Sandgerði eða um 14,3%, Svo hætti einn nemandi úr Garðinum og einn sem kom utan Suðurnesja (sjá töflu 7).

Bæjarfélag	Fjöldi	%	Hættir	%
Reykjanesbær	74	79,5	10	71,5
Garður	6	6,5	1	7,1
Grindavík	6	6,5	0	0
Sandgerði	3	3,2	2	14,3
Vogar	3	3,2	0	0
Utan Suðurnesja	1	1,1	1	7,1
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>100</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

Tafla 7. Fjöldi nemenda eftir bæjarfélögum.

Þegar ástæður þess að nemendur hættu í skólanum voru skoðaðar komu í ljós að þær voru nokkrar. Flestir nemendur eða fimm hættu vegna áhugaleysis og/eða slæmrar mætingar eða 35,7%. Næst komu fjórir nemendur sem nefndu að þeir væru komnir með vinnu eða að vinnan gengi fyrir hjá þeim og þess vegna vildu þeir hætta eða um 25,6% nemenda. Tveir nemendur nefndu veikindi sem ástæðu og einn nemandi nefndi fjárhagsástæður. Það voru svo tveir nemendur í viðbót sem nefndu annað, en ástæðurnar þar voru að annar þeirra fékk ekki styrk til þess að halda áfram í námi og hinn nemandinn fór í annan skóla á önninni (sjá töflu 8).

Ástæður brotthvarfs	Fjöldi	%
Vinna	4	25,6
Fjárhagsástæður	1	7,1
Veikindi	2	14,3
Áhugaleysi og léleg mæting	5	35,7
Andleg vanlíðan	0	0
Neysla/meðferð	0	0
Verkfall	0	0
Annað	2	14,3
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

Tafla 8. Ástæður þess að nemendur hættu í skólanum.

### Samantekt fyrir vorönn 2014

- 79 af 93 nemendum luku önninni eða um 85 %.
- 64 af þessum 93 nemendum halda áfram á næstu önn eða um 69%.
- 11 af 93 nemendum útskrifuðust eða um 12%.
- 14 af 93 nemendum hættu námi eða um 15%.
- 93 nemendur luku 995 einingum eða 10,7 einingum að meðaltali á hvern nemanda.
- Falleiningar voru 194 eða 2 falleiningar að meðaltali á nemanda.
- Úrsagnareiningar voru 61 eða að meðaltali 0,7 úrsagnareining á nemanda.

### Lokaorð

Öflun menntunar er alltaf af hinu góða. Með áttakinu *Nám er vinnandi vegur* hafa fleiri nemendur fengið tækifæri til þess að mennta sig. Náms- og starfsráðgjöf skiptir þar miklu máli. Ráðgjöfin er mikilvægur þáttur þess þegar nemendur hefja aftur nám í skóla og margir nemendur þurfa að fá hvatningu og ná tengingu við aðila í skólanum sem þeir geta komið og spjallað við.

Vorönnin 2014 hefur litast af mikilli óvissu bæði hjá nemendum og starfsfólki skólans vegna yfirvofandi verkfalls kennara sem svo varð að veruleika. Verkfall getur alltaf haft neikvæð áhrif á nemendur og sumir nemendur höndla það ekki. Ekki hættu nemendur í áttakinu *Nám er vinnandi vegur* beint út af verkfallinu en erfitt er að segja til um hvort að verkfallið hafi haft óbein áhrif á suma þeirra nemenda sem hættu.

Þessa önn voru færri nemendur í FS heldur en fyrri annir sem átakið stóð yfir og ekki teknir inn nemendur sérstaklega í átakið *Nám er vinnandi vegur*. Nú er það orðið ljóst að þessi önn er sú síðasta sem átakið er í gangi. Ekki hefur verið mikið utanumhald um átakið þessa önn að mati undirritaðrar en þegar átak af þessu tagi er í gangi er mjög mikilvægt að hitta aðra aðila sem vinna að því. Eftirfylgnin hefur ekki verið mikil en enginn fundur var boðaður á skólaárinu 2012-2013 né skólaárinu 2013-2014 sem er að mati undirritaðrar ekki nógu gott. Þess má þó geta að fyrstu tvær annirnar þ.e. haust 2011 og vor 2012 voru fundir sem tengdust áttakinu. Það góða við þetta átak er að fjöldi nemenda hefur fengið skólavist sem þeir hefðu kannski ekki fengið ef átakið hefði ekki verið sett af stað. Auk þess getur aukið utanumhald um nemendur haft jákvæð áhrif á þá.

### Heimildaskrá

Keilir. Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs (2011). Nám er vinnandi vegur. Sótt 5. desember 2012 af <http://www.keilir.net/is/keilir/frettir/nam-er-vinnandi-vegur>

Mennta og menningarmálaráðuneytið (2012). Nám er vinnandi vegur skilar góðum árangri. Sótt 5. desember 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/6927>

Vinnumálastofnun (e.ártal). Nám er vinnandi vegur. Sótt 5. desember 2012 <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/urraedi/ataksverkefni/nam-er-vinnandi-vegur/>

Sesselja Bogadóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók saman.



Frá þemadögum, mars 2013.

## 12. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur boðið uppá aðgengi að hjúkrunarfræðingi frá því í janúar 2007. Viðvera hjúkrunarfræðings er fjóra daga vikunnar og klukkutíma í senn þannig að aðgengi er gott þó tíminn sé afmarkað, nemendur kvarta þó stundum yfir að þurfa að bíða. Upplýsingar um viðveruna eru á hurð, skjá og töflum í skólanum. Aðgengi nemenda að heilbrigðisstarfsmanni í skólanum ætti að teljast nokkuð auðveld. Nemendur þurfa að hafa frumkvæði til að nýta sér þjónustu hjúkrunarfræðings sem er starfsmaður skólans en ekki heilsugæslunnar.

Í byrjun skólaárs var neyðarlisti uppfærður þar sem nöfn nemenda með þekkta sögu og gætu þurft á aðstoð kennara/starfsmanna að halda vegna lífsógnandi sjúkdóma/aðstæðna, með upplýsingum um fyrstu hjálp og hvert ætti að hafa samband. Þessi listi er staðsettur á kennarastofunni þannig að allir starfsmenn geti kynnt sér hann. Óvenju margir nemendur voru á þessum lista í vetur eða níu alls.

Komur stúlkna til hjúkrunarfræðing voru 66x, stráka 36x, starfsmenn og kennarar nýttu sér að koma 35x. Málefnið sem þau leituð vegna eru fjölbreytt en sambærileg og undanfarin ár. Utan viðverutíma og talið undir annað voru ýmsar upptakomur þar sem yfirlið nemenda urðu 8x næstum því yfirlið x3 og bráðir kviðverkir 3x. Heildarkomur voru því alls 151x á skólaárinu sem telst heldur minna en síðasta skólaár. Skýringu má etv leita í nemendafjölda, verkfalli eða almennt minni þörf. Meira samstarf hefur verið í vetur við foreldra vegna veikinda barna þeirra, sumt hefur kallað á frekara samstarf innanhús. Fræðsla fyrir kennarahóp var vegna ákveðins nema síðastliðið haust. Komið var fyrir stóru upplýsingaskilti frá Landlæknisembættinu þar sem nærþjónustu hafði verið bætt við, þar á meðal ungmennapjónustu HSS sem nú hefur verið starfrækt á annað ár og veit ég að nemendur okkar eru eitthvað að leita þangað. Einnig var farið í listnámsbekk í tengslum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóla. Var afrakstur þeirra skemmtilegt innlegg um geðheilbrigði sem áhersla hefur verið á í vetur.

Á haustönninni voru þeir kennarar FS sem þess óskuðu bólusettir fyrir Inflúensu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.



## 13. Skýrsla forvarnarfulltrúa

### Eftirtaldir flokkar flokkast undir starf forvarnarfulltrúa:

- Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins
- Tóbaksnotkun
- Samtakahópurinn
- Viðtalstími

### Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Nemendur FS höfðu áfram tækifæri á að blása í áfengismæli á böllum og komst þannig í edrúpott. Í lok skólaárs kom í ljós að 27 nemendur uppfylltu skilyrðin til að vera í edrúpottinum. Tveir nemendur voru síðan dregnir út og fengu þeir iPad afhenta við útskrift FS í vor. Þessi hefð á vonandi eftir að styrkjast enn frekar.

Forvarnarfulltrúi situr fundi með félagslífsfulltrúa, lögreglu, skólameistara og nemendafélagi fyrir böll. Þá sinnir hann ásamt fleirum gæslu á böllum, hringir í foreldra þeirra nemenda sem eru undir 18 ára og þarf að sækja. Þeir nemendur sem gerast brotlegir við reglur skólans eru síðan kallaðir í viðtal, yngri en 18 ára með foreldrum en eldri en 18 ára einir. Í vetur voru 12 nemendur kallaðir til viðtals vegna brota á dansleikjum.

### Tóbaksnotkun

Forvarnarfulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar og var það í öllum tilfellum vegna munntóbaks. Eitthvað virtist vera minna um að nemendur væru teknir með tóbak en þó þurfti að hafa afskipti af nokkrum nemendum.

### Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru ýmist haldnir í FS eða á bæjarskrifstofum Reykjanesbæja á föstudagsmorgnum klukkan 8.15. Hópurinn ræðir þau mál sem komið hafa upp, hefur samráð um ýmis mál ásamt því að skiptast á hugmyndum.

### Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS var með auglýstan viðtalstíma á fimmtudögum frá 12.25 til 13.20 en var að sjálfsögðu til taks alltaf þegar þörf var á.

Anna Karlsdóttir-Taylor, forvarnarfulltrúi, tók saman.

## 14. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2013-2014 sat félagslífsfulltrúi u.þ.b. 16 formlega fundi með stjórn NFS ásamt ýmsum smærri fundum með formanni og öðrum stjórnarmönnum. Meðal helstu hlutverka vetrarins var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.fl.

Starfið hjá stjórn NFS var óvenjubrösótt þetta skólaárið. Stjórnarmeðlimum gekk m.a. illa að vinna saman, langvarandi forföll/veikindi herjuðu á stjórnarmenn og sitjandi formaður náði engan veginn að virkja sitt fólk, auk þess sem oft reyndist erfitt að ná á hann. Félagslíf skólans var að mestu í takt við stjórnunarhættina, dapurt.

Það voru gerðar miklar breytingar á stjórnarskipan á nýju ári til að reyna að blása nýju lífi í félagslífið. Varaformaður settist í formannsstólinn, framkvæmdastjórinn varð varaformaður, markaðstjórinn gekk úr stjórn og nýr aðili kom í það embætti, formaðurinn tók við framkvæmdarstjórastöðunni og nýnema var bætt inn í stjórnina.

Eftir þessar breytingar varð starfið strax mun kröftugra og markvissara og einhugur ríkti í stjórnarfólki. Nýtt ár byrjaði af krafti og sáust strax áþreifanlegar breytingar á félagslífinu og umgjörð þess. Allir atburðir voru t.d. mun betur auglýstir og nemendur urðu þ.a.l. mun virkari í félagslífinu. En svo skall verkfallið á og þá datt eðlilega starfið niður og þegar skólastarf hófst á ný, að loknu verkfalli, var krafturinn og samheldnin sem hafði einkennt nýja stjórn horfinn. Önnin var látin „rúlla áfram“ og voru m.a. fáir stjórnarfundir eftir verkfall, þeir fundir voru þá yfirleitt illa sóttir. Eftir verkfall átti einungis eftir að skipuleggja kosningar og lokaball, sú vinna lagðist að mestu á Elvu formann.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa venjulega hæst á hverju skólaári. Það voru 4 dansleikir á skólaárinu haldnir í Stapanum, gengu þeir að mestu mjög vel og voru nokkuð vel sóttir. Fyrsta ball ársins var að venju busaballið. Sú breyting varð á, frá fyrri árum, að Hljóðneminn og Hljóðnemaballið var haldið fyrir áramót og Hljóðneminn var þetta árið færður úr Andrews Theater yfir í Stapann. Undirbúningur og skipulag Hljóðnemans var með daprasta móti og keppnin bar þess merki. Eftir áramót voru 2 böll; Raveball og lokaball sem haldið var að loknum prófum.

Í byrjun skólaárs var enginn forvarnarfulltrúi starfandi og var það miður. Eftir busaballið var Anna Taylor ráðinn forvarnarfulltrúi og var gott samstarf okkar á milli. Gott samstarf var við lögreglu á varðandi dansleikjahald og voru yfirleitt 1 – 2 lögreglumenn að störfum á hverju balli. Fulltrúar frá útideild/félagsmiðstöðvum sveitarfélaganna á Suðurnesjum hafa undanfarin ár mætt á dansleikina en þau mættu ekkert í ár. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1-2 lögreglumenn, 6-7 starfsmenn frá FS, 10-12 úr útskriftaraðli, auk 8 dyravarða. Mikilvægt er að hafa a.m.k. einn fulltrúi frá stjórn nemendafélagsins sem starfsmann/tengilið á dansleik, það gekk mjög vel þetta skólaárið. Ölvun nemenda á dansleikjum virðist vera að minnka með hverju árinu. Framkoma nemenda á dansleikjum var í takt við minnkandi ölvun og var augljóslega betri en oft áður.

Annað árið í röð var boðið upp á svokallaðan „Edrúpott“ á dansleikjum NFS. Nemendur höfðu kost á því að blása í áfengismæli á dansleik og ef ekkert áfengi mældist í viðkomandi fór nafn hans í pottinn. Í lok skólaárs var dregið úr þeim nöfnum sem höfðu komist a.m.k. þrisvar sinnum í pottinn. Tveir einstaklingar voru dregnir út og fengu iPad í verðlaun sem voru afhentir á útskrift skólans.

Stærsti viðburður skólaársins var án efa uppsetning leikfélags skólans, Vox Arena, á söngleiknum „Dirty Dancing“ sem sýnt var í Andrews Theater. Það var gríðarlega mikil vinna sem lá að baki sýningunni og margar hendur sem lögðu hendur á plóg. Sýningin var vel sótt og vakti mikla athygli og lof hjá þeim er sóttu sýninguna.

Árangur FS í stóru keppnunum þremur „Gettu betur“, „Morfís“ og „Söngkeppni framhaldsskólanna“ var ágæt. Lið Gettu betur var hársbreidd frá því að komast í sjónvarpssal í 8 – liða úrslit. Liðið datt út fyrir Borgarholtsskóla í bráðabana, þess má og geta að lið Borgarholtsskóla fór alla leið í úrslitabáttinn. Í Morfís stóð liðið sig einnig með miklum ágætum, en féll út í 8 – liða úrslitum gegn skóla sem fór alla leið í úrslitaviðureignina, Menntaskólanum við Sund. Söngkeppni framhaldsskólanna fór fram á Akureyri í apríl. Fulltrúi FS í keppninni í ár var Ásdís Rán Kristjánsdóttir en hún komst því miður ekki í lokakeppnina þar sem 12 skólar kepptu sín á milli.

Skólabátturinn Hnísan hnignaði á árinu en skólablaðið Vizkustykki hélt velli og kom út bæði á haust- og vorönn.

Keppni í Bjarnarboltanum (Bear Cup) fór fram í ár en eftir einn keppnisdaginn, þar sem hnefi fór á loft, ákvað stjórn NFS að blása mótið af.

Félagslífið í FS, skólaárið 2013 – 2014, var heilt yfir með dapprara móti og fer seint í sögubækurnar fyrir fjölbreytt og litskrúðugt félagslíf. Frammistaða og samvinna stjórnarfólks NFS ásamt verkfalli kennara áttu þar stóran hlut að máli. Söngleikurinn sem settur var upp í Andrews var án efa hápunktur skólaársins og vonandi viðburður sem haldið verður í á komandi árum.

Það er gríðarlega mikilvægt að fá áhugasamt og metnaðarfullt fólk til starfa í nemendafélagið ef félagslífið á að blómstra og auk þess nauðsynlegt fyrir stóran skóla eins og FS að geta flaggað öflugum félagslífi innan veggja skólans. Félagslífið er sá þáttur sem skapar hjá flestum nemendum stærstu og bestu minningarnar frá framhaldsskólaárunum. Betur má ef duga skal ☺

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.

## 15. Skýrsla nemendafélags (NFS)

Skýrsla hefur ekki borist.



Frá útskrift vorannar 2014.